

Maður Fólksins

Fjögur dæmi úr bandarískri stjórn málasögu um popúlíska stjórn málamenn

Elías Gunnar Hafþórsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði

Leiðbeinandi: Stefanía Óskarsdóttir

Stjórn málafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Maí 2018

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Elías Gunnar Hafþórsson 2018

260194-4459

Reykjavík, Ísland 2018

Útdráttur

Tilgangur þessarar ritgerðar er að sýna fram á að lýðhyggja hafi verið til staðar í bandarískum stjórnmálum í gegnum tíðina og hvernig lýðhyggjusinnar nýta sér þekkingu og aðferða þeirra eldri í dag. Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er hvort lýðhyggja hafi verið viðloðandi bandarískar kosningar. Til að svara því verður farið gróflega yfir stjórnmálaferil Theodore Roosevelt, Franklin D. Roosevelt, Huey Long og Donald Trump. Hugtakið lýðhyggja verður jafnframt útskýrt og leitast eftir því að greina lýðhyggjueinkenni stjórnmálamannanna. Þá verður einnig leitast eftir því að gefa betri mynd af því hverjir notast við lýðhyggju í störfum sínum og hverjir séu í raun lýðhyggjusinnar eða lýðskrumarar.

Abstract

This study focuses on two things. First of all, how American politicians have used populism, and also how today's populist builds upon older populist's work. Thus the research question is have American politicians used populism over the years. The study covers the political careers of Theodore Roosevelt, Franklin D. Roosevelt, Huey Long and Donald Trump. The author then describes what populism is and how different academics have approached populism. Finally the author uses those definitions of populism to determine if these politicians simply used populism on a few occasions, or if they are populists themselves.

Formáli

Ritgerð þessi er 12 eininga (ECTS) lokaverkefni mitt til BA-gráðu af 180 eininga námi við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Ég hef alltaf haft áhuga á hvernig popúlismi virkaði og hversu skilvirkur popúlisminn er fyrir marga leiðtoga. Eftir að ég byrjaði að vinna fyrir bandaríska sendiráðið varð ég ákveðinn í að skrifa um popúlisma og bandaríska stjórnmálamenn.

Ég vil þakka Stefaníu Óskarsdóttur fyrir að taka að sér þetta verkefni með mér, góðar leiðbeiningar og stuðning i gegnum ritgerðina, ásamt því vil ég þakka Sindra Njál bróður mínum fyrir yfirlestur og aðstoð í gegnum ritgerðina alla. Að lokum á Katrín kærasta mín sérstakt hrós skilið, fyrir að hafa veitt mér ómetanlegan stuðning, og alltaf leyft mér að sofa út á morgnana.

Efnisyfirlit

1.Inngangur	7
2. Lýðhyggja	9
2.1. Hvað er lýðhyggja?	9
2.2. Birtingarmyndir lýðhyggju.....	10
2.3. Er lýðhyggja lýðræðisleg?.....	11
2.4 Áhrif lýðhyggju á stjórnmalaflokka og kjósendur	12
2.5 Samantekt	13
3.Theodore Roosevelt	14
3.1 Ræðan fræga.....	14
3.2 Roosevelt sjálfur.....	15
3.3 Varaforsetaefni	16
3.4 Theodore Roosevelt, forseti Bandaríkjanna	17
3.5 Kosningar 1912, úr Republican floknum yfir í Progressive Party	19
3.6 Samantekt	20
4.Franklin Roosevelt og Huey Long: Lýðhyggja í mælskulist og í framkvæmd.	21
4.1 Kynning á Franklin D. Roosevelt, þingmanni og ríkisstjóra New York.....	21
4.2 Forsetaframboð og New Deal	25
4.3 Huey Long	26
4.4 Forsetakosningar 1932 og stimpingar við FDR.....	30
4.5 Auðæfum deilt	33
4.6 Samantekt	35
5.Kynning á Donald Trump.....	37
5.1 Donald Trump og forsetakosningar 2016	37
5.2 Donald Trump: Fjölmiðlar, vefsíður og samfélagsmiðlar	38
5.3 Samantekt	40
6.Lokaorð	41
Heimildir.....	43

1. Inngangur

Hugtakið lýðhyggja, eða popúlismi, er ekki nýtt af nálinni. Hægt er að sjá einkenni lýðhyggju víðs vegar í stjórnmálum í dag. Bandaríkin eru engin undantekning þar á og hafa stefnur stjórnmálamanna og ákvarðanir þeirra stundum verið kallaðar „popúlískar“ og stjórnmálamennirnir sjálfir verið kallaðir „lýðskrumarar“. Eftir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum árið 2016 spratt áhugi fræðimanna upp á þessu fyrirbæri og hófu margir að rannsaka lýðhyggju nánar til að skilja hana betur. Lýðhyggja fjallar, í sínu sýnilegasta formi, um góða fólkið gegn hinu spillta, sem yfirleitt er í valdastöðu. Einstaklingar sem sækjast eftir valdi og notast við lýðhyggju tala því í raun fyrir hönd almennings gegn valdhöfum hvers tíma. Sömuleiðis gæti stefna lýðhyggjusinna breyst eftir því hvernig vindur blæs á meðal almennings. Þeir einstaklingar sem tileinka sér lýðhyggju eru kallaðir „lýðskrumarar“ (Mudde, 2004, 543).

Lýðhyggja hefur birst með mismunandi hætti í gegnum tíðina í Bandaríkjunum en einkenni hennar er þó að finna víða. Upp úr 1890 kom á sjónarsviðið nýr flokkur í bandarískum stjórnmálum sem var gjarnan kallaður The Populists, eða People's Party. Þessi flokkur sóttist eftir því að ná kjöri og þurrka út valdakló bandarísku ríkisstjórnarinnar sem stjórnunni var af þeim sem áttu mikinn pening. Meirihluti stuðningsmanna flokksins vann við landbúnaðarstörf og voru stefnur flokksins að vernda og styrkja þá grein. Því var auðvelt fyrir frambjóðendur flokksins að tala líkt og um rödd almennings væri að ræða. Markmiðið var að taka völdin frá „þeim spilltu“ og koma þeim aftur til bandaríska fólksins, sem byggðu þau upp. (Kazin, 2016, 18)

Í ritgerðinni er markmiðið að skoða hvort og hvernig lýðhyggja hefur komið fram á mismunandi tímum í bandarískum stjórnmálum. Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er þar af leiðandi: *Hefur lýðhyggja verið viðloðandi bandarískar kosningar?* Farið verður í gegnum stjórnmálaferil fjögurra bandarískra stjórnmálamanna. Þessir stjórnmálamenn hafa notast við lýðhyggju á einhvern hátt. Þó hafa sumir farið lengra en aðrir og gætu eflaust kallast lýðskrumarar. Dæmin ná yfir rúmlega öld, eða frá fyrsta viðfangsefninu, Theodore Roosevelt og allt til valdatíðar Donalds Trump, núverandi Bandaríkjaforseta. Skoðað verður hvernig ræður Theodore Roosevelt og Franklin Roosevelt innihalda lýðhyggjueinkenni en gera þá samt ekki að lýðhyggjusinum. Þvert á móti verður skoðað hvernig Huey Long beitti sér sem lýðhyggjusinni með góðum árangri og að lokum hvernig Donald Trump beitir sér sem lýðhyggjusinni.

Almennt verður farið yfir hvað lýðhyggja er, hvernig birtingarmynd hennar er, hvort lýðhyggja sé lýðræðisleg og hvernig áhrif lýðhyggju hefur haft á stjórnmalaflokka og kjósendur.

Að því loknu verður farið yfir stjórnmalasögu Theodore Roosevelt, frá því að hann var varaforseti, allt þar til hann varð forseti og forsetaframbjóðandi aftur. Einnig verður fræg ræða hans tekin fyrir og greind með lýðhyggju, út frá skilgreiningu Kriesi og Cas Mudde.

Næsti kafli þar á eftir fjallar um frænda hans, Franklin Roosevelt en þar verður farið gróflega yfir stjórnmalasögu hans. Meginþorri kaflans fjallar um leið Franklin Roosevelts að forsetaembættinu og um andstöðuna sem hann mætti frá verðandi óvini sínum, ríkisstjóra Louisiana og lýðhyggjusinnanum Huey Long. Sérstakur hluti fjórða kafla verður tileinkaður *Share the Wealth* kosningaherferð Huey Long sem fangaði margar hugmyndir lýðhyggjunnar í einni herferð.

Fimmti kafli mun síðan fjalla um forsetakosningarnar 2016 og kosningaherferð Donald Trump. Skoðað verður fjölmiðlanotkun Donald Trump, og hvernig hann sækir í smiðju eldri stjórnmalamanna, þó aðallega Huey Long. Síðar verður notast við skilgreiningar Cas Mudde og Kriesi, til að greina þær ræður sem Trump flutti.

2. Lýðhyggja

Í gegnum tíðina hafa ýmsar stefnur og hugmyndir mótað viðhorf og þátttöku kjósenda í stjórnámálum. Með þátttöku í kosningum geta kjósendur haft áhrif á kjörna fulltrúa. Þeir þurfa að fylgja þeirri stefnu sem þeir settu fram í kosningabaráttu sinni og eru kjörnir út á. Kjörnir fulltrúar leitast oft við að fylgja ákveðinni hugmyndafræði, hvort svo sem það er sósíalismi, frjálshyggja eða markaðskerfi svo einhver dæmi séu nefnd. Hins vegar geta stjórnámál orðið vettvangur átaka þar sem fulltrúar gera hvað sem er til þess að afla sér fylgis og atkvæða kjósenda. Við þessar aðstæður geta myndast tækifæri fyrir fulltrúa til að segja hvað sem er og gera hvað sem er til þess eins að ná kjöri, með öðrum orðum að notast við aðferðir lýðhyggju, sem hafa verið harðlega gagnrýndar í gegnum tíðina fyrir að vera ómálefnalegar. Í þessum kafla verður fjallað ítarlega um hugtakið lýðhyggju og spurninguna hvort hún sé lýðræðisleg hugmyndafræði.

2.1. Hvað er lýðhyggja?

Flestar skilgreiningar á lýðhyggju (e. populism) byggjast á tvíhyggju sem stillir þjóðinni/fólkinu og valdhöfum upp sem andstæðum pólum (Mudde, 2004, 543). Í eðli sínu fjallar kenningin um lýðhyggju um hinn góða og réttláta almenning gegn núverandi yfirvöldum sem talin eru vera spilt og vinna gegn hinum almenna kjósenda. Það er hinsvegar þessi tvíhyggja, sem gerir lýðhyggju að „þunnri“ hugmyndafræði. Með öðrum orðum, lýðhyggja gerir grein fyrir tveimur hópum í samfélaginu, þeim góðu og þeim vondu. Stefnumótun og pólitík á að tákna vilja almennings. Eitt helsta einkenni lýðhyggju er að almenningur sé samstilltur, þ.e. almenningur vinnur saman sem ein heild og hefur sameiginlegan vilja og áhuga. Kriesi talar um að hægt sé að greina allavega þrjár mismunandi leiðir til að túlka sambandið á milli almennings og lýðhyggju. Á einn veginn pólitískt samband, þ.e. fólkið fer með fullveldið. Önnur leiðin er menningarleg, þ.e. að horfa á almenning út frá menningarlegum þáttum, svo sem þjóðerni eða trú. Að lokum er það fjárhagslega hliðin sem lítur á almenning sem eina stétt. Vinstri vængs lýðhyggja aðhyllist hugmyndinni um almenning sem stétt, á meðan hægri vængs lýðhyggja reiðir sig frekar á almenning sem eina þjóð (Kriesi, 2014, 362).

Pólitíska leiðin, þ.e. almenningur sem æðsta vald, hallast bæði að vinstri og hægri væng lýðhyggjunnar. Manneskja sem tileinkar sér pólitísku leið lýðhyggjunnar myndi gagnrýna kerfið og benda á það sem verður að laga. (Kriesi, 2014, 363). Lýðhyggja er

sveigjanleg eftir því hver almenningurinn er, þ.e. hver kjarni hópsins er og sá kjarni myndar ófrávíkjanlega skoðun. Þar af leiðandi telja ýmsir fræðimenn að lýðhyggja sé þunn. Stanley telur að lýðhyggju eigi að horfa á sem sérstaka hugmyndafræði. Lýðhyggja á að veita ákveðna leið að því hvernig setja eigi stjórnsmál upp í sérstöku samspili við meginmarkmið þess. Hins vegar gerir „þunnt“ eðli lýðhyggju það að verkum að lýðhyggja getur ekki staðið eitt og sér sem hagnýt stjórnsmálafræðileg hugmyndafræði. Kenningin skortir getu til að setja fram víðtæka og heildstæða áætlun um lausn á mikilvægum pólitískum spurningum. (Stanley, 2008, 195).

Í vestrænum samfélögum leitast lýðhyggjusinnar eftir því að taka sér stöðu gegn hinum ýmsu straumum af frjálslyndi, eintaklingsframtaki, fjölmenningsáhrifum og alþjóðavæðingu. Lýðhyggja er ekki mæld í því hvernig vald er sett upp (e. power structure) eða í fyrirkomulagi valds eins og mismunandi birtingarmyndir lýðræðis bjóða upp á. Þeir sem aðhyllast lýðhyggju krefjast frekar lagasetninga ásamt því að þeirra hugmynd um réttarríki sé fullnægt á þeim forsendum að þeir séu talsmenn fólksins (Canovan, 2009, 4). Enda er ein undirstaða lýðhyggju að hrífandi og sterkur leiðtogi tali fyrir hönd fólksins. Sá leiðtogi á ekki að koma fram sem milliliður elítunnar og almennings, heldur er hann eingöngu málsvari almennings (Kriesi, 2014, 363).

Lýðskrumarar nota oft lýðhyggju í neikvæðri merkingu til þess að varpa rýrð á pólitíska andstæðinga og stefnu þeirra. Lýðhyggjusinnar eru sakaðir um að spila á tilfinningar fólks, loford þeirra séu ábyrgðarlaus og að þeir reyni að auka á óvild og vantraust almennings gagnvart valdhöfunum (Stanley, 2008, 101). Þannig breytist vettvangur stjórnsmálanna í átakasvæði þar sem almennir stjórnsmálaflokkar þurfa að verja stefnu sína gegn lýðskrumi lýðhyggjusinna sem leitast við að rugla almenna kjósendur í ríminu.

2.2. Birtingarmyndir lýðhyggju

Líkt og komið hefur fram eru almennt þrjár leiðir til að túlka birtingarmyndir lýðhyggju, eftir því hvernig leiðtogi hópsins beitir sér er oft hægt að greina birtingarmyndina. Fyrsta leiðin er að virðast fara fyrir sameinuðum hópi almennings (e. united people) en sannleikurinn er sjaldan sá að almenningur hafi eina og sama viljann. Fólkið fer með fullveldið en ekki flokkar eða aðrir hagsmunahópar. Lýðhyggjusinnar myndu þá t.d. bjóða gegnsæi og styttri leið að settum markmiðum, fram hjá hugsanlegu skrifræði og stofnunum (Kriesi, 2014, 363). Því næst er að ná til fólks með að tengja við það og vera hluti af því (e. our people). Hér er

menningarhlið lýðhyggjunnar. Lýðhyggjusinnar telja að fólk aðhyllist allt sömu trú, eða telur sig vera hluta af ákveðnum þjóðernishóp. Rétt eins og með fyrri dæmið, að þá er það sjaldan sem að allir tilheyri sama hóp eða trú. Þessi leið er oft nátengd við hægri vængs lýðhyggju (Kriesi, 2014, 363). Í þessu felst ef til vill klofningur þar sem fólk skiptist á milli mismunandi þjóðfélagshópa t.d. innflytjenda, trúarhópa og bótaþega. Sem dæmi væri hægt að taka þegar innflytjendum er stillt upp gegn innfæddum (Canovan, 2009, 5). Þriðja leiðin horfir á almenning sem stétt, kúgaða einstaklinga sem elítan og aðalsstéttin heldur niðri. Fólkið er skilgreint út frá efnahagslegri stöðu sinni og fólkið notað sem báráttuafl. Þessi stefna er áberandi fyrir vinstrivængs lýðhyggju (Kriesi, 2014, 362).

Lýðhyggja líkt og þjóðernishyggja, leggur áherslu á að skipta kjósendum í „við á móti hinum“ í hvaða samhengi sem við á og á hvaða tíma sem er. Sem dæmi væri hægt að taka innfædda og innflytjendur, almenning og valdhafa o.s.frv. Þetta til að mynda getur skapað klofning milli þessara hópa þar sem kjósendur sameinast gegn valdhöfunum til þess að knýja í gegn þær breytingar sem lýðhyggjusinnar lofa. Kjarni lýðhyggju skiptist því í fernt. Í fyrsta lagi gerir hann ráð fyrir tilvist tveggja eininga: fólksins og valdhafanna, í öðru lagi gerir hann ráð fyrir fjandsamlegu sambandi á milli þessara tveggja eininga, í þriðja lagi leggur hann áherslu á fullveldi almennings til ákvarðanatöku ásamt leiðtoga sem talar þeirra mál og í fjórða og síðasta lagi hefur hann jákvæð viðhorf til fólksins en neikvæð viðhorf til valdhafanna (Stanley, 2008, 102).

2.3. Er lýðhyggja lýðræðisleg?

Því er ekki hægt að neita að vinsælar ákvarðanatökur og vinsælir valdhafar geti frekar talist til lýðræðislegra fyrirbæra frekar en ólýðræðislegra. Þrátt fyrir það eru lýðhyggjusinnar oftast ekki taldir til lýðræðissinna. Fræðimaðurinn Quaranta segir að sumir horfi á lýðhyggju sem ógn við lýðræði. Í grunninn má útskýra lýðræði sem ákveðnar undirstoðir og réttindi, og ef almenningur hefur þessar stoðir og réttindi, þá ríkir lágmarkslýðræði (Quaranta, 2016, 859). Svo virðist sem almenningur trúir ekki á algilt lýðræði, en lýðræði er breytilegt eftir heimshornum og á milli einstaklinga.

Hvort lýðhyggja sé lýðræðisleg byggir á því hvernig við þekkjum lýðræði í okkar samfélagi. Almenn er horft á lýðhyggju sem þröngsýna kenningu. Kriesi lýsir lýðhyggju sem þröngsýnni útgáfu af lýðræði. Lýðhyggja byggir á að fólkið farið með fullveldið og að það sé algildur sannleikur. Þannig geti leiðtogi talað í nafni fólksins og sniðgengið aðra pólitíska

þætti eins og hagsmunasamtök. Það er engin þrískipting valds þar sem valdið er eingöngu hjá fólkinu. Að auki leiðir lýðhyggja oft til þess að ákveðinn þjóðernishópur sé settur ofar en minnihlutahópur. Einnig byggist lýðhyggja á því að fólkið hafi alltaf rétt fyrir sér, þó það sé hugsanlega ekki innistæða fyrir því (Kriesi, 2014, 363). Frjálslyndi í dag kallar rétt eins og lýðræði eftir umburðarlyndi og virðingu fyrir mannréttinum. Annars staðar er frjálslyndi í formi frjáls markaðs og margbreytileika. Allt hafa þessi mismunandi form af frjálslyndi það sameiginlegt að setja fram ákveðnar hefðir og kröfur. Lýðhyggja fer þannig lagað gegn viðhorfum frjálslyndisstefnunar. Frjálslyndisstefnan boðar fjölbreytt viðhorf og ólíka hagsmuni. Lýðhyggja hinsvegar boðar einsleitt viðhorf, og almenningur hefur sameiginlega hagsmuni. Því hafa menn haldið fram að „popúlistalýðræði“ sé óbundið hefðum og venjum sem fylgja frjálslyndu lýðræði og þeim meirihluta sem gleymir minnihlutahópum (Canovan, 2009, 7).

2.4 Áhrif lýðhyggju á stjórnmálaflokka og kjósendur

Benjamin Kramer bendir á það að fjölmiðlar geti notast við lýðhyggju. Lýðhyggjumiðillinn (e media populism) eins og hann kallar það, byggir oft á að tala upp ákveðna stétt eða þjóðernishóp ásamt því að tala niður til elítunnar. Þessir miðlar geri mikið út á átök og spennu, sem leiðir til fleiri kaupenda (Benjamin Kramer, 2014, 48).

Í dag höfum við fjölmiðla sem helstu tengiliði kjósenda, valdhafa og stjórnmálaflokka. Með því að nýta sér fjölmiðla er hægt að fara fram hjá stofnunum og flokkum. Þessir miðlar vilja þá sýnast sem talsmenn almennings, og tileinka sér oft ákveðin málstað (Benjamin Kramer, 2014, 49). Lýðræðið hefur færst yfir í meira áhorfslýðræði. (e. audience democracy) Það sem veldur þessari breytingu er breytt tækni nútímans sem gefur almenningi meiri möguleika á að fylgjast með á hliðarlínunni. Með þetta í huga eru leiðtogar stjórnmálaflokkana meira á tánum og meðvitaðir um að fólk fylgist með því sem þeir segja.

2.5 Samantekt

Skilgreiningar almennt á lýðhyggju byggir á tvíhyggju sem stillir þjóðinni/fólkinu og valdhöfum upp sem andstæðum einingum. Lýðhyggjan gerir grein fyrir hinum góða almenning og spilltu valdhöfum. Lýðhyggja er einnig oft kölluð „þunn“ hugmyndafræði. Þrjár leiðir eru til að greina lýðhyggjuna. Pólítískt samband, menningarlegt samband og fjárhagslegt samband. Almennigur á að stjórna ekki yfirvaldið, almenningur er hluti af einu þjóðerni eða trú og almenningur tilheyrir einni stétt. Vinstrivængs lýðhyggja aðhyllist hugmyndinni um almenning sem stétt, á meðan hægrivængs lýðhyggja reiðir sig frekar á almenning sem eina þjóð. Lýðhyggja er sveigjanleg eftir því hver almenningurinn er, það er hver kjarni hópsins er og sá kjarni myndar ófrávíkjanlega skoðun.

Lýðhyggja gerir grein fyrir sterkum leiðtoga. Sá leiðtogi á ekki að koma fram sem milliliður elítunnar og almennings, heldur er hann eingöngu málsvari. Í dag höfum við fjölmiðla sem helstu tengiliði kjósenda, valdhafa og stjórnmalaflokka. Með því að nýta sér fjölmiðla er hægt að fara fram hjá stofnunum og flokkum. Þessir miðlar vilja þá sýnast sem talsmenn almennings, og tileinka sér oft ákveðin málstað.

Í lokin er gott að hafa þennan fræðilega kafla í huga þegar farið er yfir stjórnmalamenn komandi kafla. Stjórnmalamennirnir og framkoma þeirra tengt við fræðilega kaflann. Með öðrum orðum, þá verða textar og framkvæmdir þeirra bornir saman við fræðilegu hugmyndir lýðhyggjunnar, hvort þeir teljist sem lýðhyggjusinnar, eða jafnvel lýðskrumarar.

3.Theodore Roosevelt

Theodore Roosevelt (hér eftir Roosevelt) er fyrsti stjórnmalamaðurinn sem verður tekinn fyrir. Stjórnmalamaðurinn og forsetinn Roosevelt lagði áherslu á að tala í nafni vinnandi stétta og hann skapaði sér pólitíska sérstöðu sem baráttumaður gegn einokun á sviði viðskipta og stjórnmála. Það skal þó tekið fram að Roosevelt er ekki lýðhyggjusinni. Hins vegar sýnir Roosevelt ákveðin einkenni lýðhyggju í gegnum herferð sína með stjórnmálaafliinu Progressive Party. Í þessum kafla verður byrjað á frægri ræðu sem hann hélt í framboði sínu 1912. Ræðan er besta dæmið um hvernig Roosevelt nýtir sér eiginleika lýðhyggjunnar. Síðan verður sagt frá uppruna Roosevelt, leið hans að varaforsetaembætti Bandaríkjanna, skiptin yfir í forsetaembætti og að lokum tilraun hans til að verða forseti á ný í Progressive Party.

3.1 Ræðan fræga

Ein frægasta ræða hans, sem hann hélt einungis nokkrum mínútum eftir að hafa verið skotinn með byssu, hafði lýðhyggjulegt yfirbragð. Theodore Roosevelt hafði lært að fjölmiðar komu til með að vera mikilvægt vopn í herferðum, og áttaði sig á mikilvægi augnabliksins. Varla væri hægt að finna jafn dramatískt og áhrifamikið augnablik eins og að sjá frambjóðanda halda þrumu ræðu rétt eftir skotárás (Miller, 1992, 530).

Í ræðu sinni talar hann um að hann leggi sig allan fram í herferðinni, og það þurfi meira en byssuskot til að fella elgtarfinn. Í ræðunni segir Roosevelt að flokkarnir tveir, Repúblikanaflokkurinn og Demókrataflokkurinn séu rótgrónar fylkingar og berjast fyrir sína hagsmuni, en ekki fyrir almenning Bandaríkjanna. Þeir ríku og þeir fátæku ættu að standa saman gegn spillingu og kúgun, og ættu að krefjast meir frá þeirra ríkisstjórn og yfirvaldi. Ekki skipti máli hvort þú sért trúður eða hvaðan þú kemur, svo lengi sem þú ert tilbúinn að berjast. Andstæðingar Roosevelts og almennings höfðu lögleitt einokun á markaði, og Wilson sem ríkisstjóri yfir New Jersey hefði leyft stærstu einokunarhringjunum að viðgangast afskiptalaust. Repúblikanaflokkurinn stal ekki embættinu af Roosevelt, þeir stálu embættinu af fólkinu. Þótt þeim líki illa við Roosevelt er þeim enn verr við fólkið. Elítan vill frekar sjá flokkinn falla en að færa völdin til almennings. Demókrataflokkurinn heldur sig við sínar íhaldssömu hefðir en Roosevelt heldur sig við leiðir fólksins. Wilson og Demókratar vilja halda kvenmönnum þjóðarinnar frá vinnu og þrælka út börnum í staðinn. Roosevelt og hans flokkur börðust gegn því (Roosevelt, 1912).

Hér sjáum við fyrsta dæmi ritgerðarinnar um hvað fjölmiðlar verða mikilvægir fyrir stjórnámálamenn. Ræðan hans er í takt við skilgreiningar bæði hjá Kriesi og Cas Mudde. Hann gerir óvin úr báðum flokkunum, Repúblikanaflokknum og Demókrataflokknum, sem þykja bæði spilltir og íhaldssamir. Hvorugur flokkurinn í hans dæmi, hugar að þeim fátæku og er flokkunum sama um spillingu og kúgun almennings. Hann setur kjósendur undir sama hatt, að því leyti að það skiptir ekki hvaða trú þú tilbiður eða hvaðan þú kemur, eins lengi og þú sért til í slaginn. Rúsínan í pylsuendanum sé síðan, að Repúblikanaflokkurinn hafi ekki stolið embættinu af Roosevelt, heldur af almenningi. Að flokknum sé vissulega illa við Roosevelt, en það síðasta sem elítan vill er að gefa almenningi völdin.

3.2 Roosevelt sjálfur

Í sjálfævisögu sinni, *Autobiography*, lýsir Roosevelt sér sem ósköp venjulegum manni sem ætti rætur að rekja til Hollands. Í raun var Roosevelt þó langt frá því að vera hinn dæmigerði Bandaríkjamaður síns tíma. Hann ólst til dæmis upp við afar góð skilyrði og ýmis forréttindi (Miller, 1992, 25). Roosevelt, eða Teddy eins og hann var oft kallaður, fæddist 27. október 1858. Roosevelt og systkini hans fengu heimakennslu, ásamt því að taka annir í Evrópu í skiptinámi (Miller, 1992, 46).

Roosevelt þótti alltaf vera skarpur og glaðlyndur strákur, en ýmsir kvillar hrjáðu hann, þá sérstaklega astmi. Eftir stórt astmakast var hann sendur til læknis, sem tjáði honum að hann þyrfti hreyfingu og æfingu. Faðir Roosevelts, Theodore Roosevelt eldri, tók son sinn til hliðar, og ræddi við hann á alvarlegum nótum. Roosevelt væri með hugann, en ekki líkamann. Hugurinn og líkaminn þyrftu að vinna saman. Eftir ræðuna ákvað Roosevelt að móta eigin líkama og þar með hófst eilífðarbarátta Roosevelt að rækta ímynd sína sem hins hrausta og stæltu manns (Miller, 1992, 46).

Roosevelt hafði starfað sem aðstoðarflotamálaráðherra frá 1897-1898, en sagði af sér í snatri þegar hann fékk tækifæri til að manna sjálfboðasveit í komandi stríði við Spánverja (Collin, 1985, 22). Roosevelt-nafnið varð töluvert frægara árið 1898 þegar hann leiddi áfram hersveit sína, upp San Juan Hill. Þar hafði Roosevelt sankað að sér ólíku fólki frá mismunandi stöðum og stéttum. Komandi herför var talin vera sjálfsmorðstilraun. Roosevelt leiddi árásina áfram á hesti og í fremstu víglínu sigraði hersveit hans með einstökum drifkrafti og baráttuvilja (Roosevelt, 1899, 520).

Hersveitin fékk nafnið *Rough Riders*. Auk lögreglumanna, slökkviliðsmanna, bakara og fleiri karlmanna úr hinum vinnandi stéttum, þá innihélt sveitin William O'Neil, borgarstjóra Prescott, Bob Wrenn og Bill Larned sem voru tveir bestu tennisspilarar landsins, og Ben Daniels fógeta Dodge-borgar, svo eitthvað sé nefnt. Þessi hópur var talinn með þeim bestu, og var það hermönnum jafnt og leiðtoga þeirra, Theodore Roosevelt, að þakka (Miller, 1992, 276-277).

Frægð Roosevelt hafði náð nýjum hæðum eftir hetjudáðir hans í stríðinu, og myndaðist mikil eftirspurn af hálfu almennings að fá hann aftur í heim stjórnmála. Árið 1898 bauð Roosevelt sig fram sem ríkisstjóri New York, og sigraði nokkuð örugglega. Hann var svarinn inn árið 1899, en var þó óviss hvort hann myndi síðar bjóða sig aftur fram (Miller, 1992, 321).

3.3 Varaforsetaefni

Árið 1900 færðist Roosevelt nær Hvíta húsinu. Varaforseti Bandaríkjanna, Garret A. Hobart, féll skyndilega frá og þrýsti framfarahópur Repúblikana í kjölfarið á Roosevelt að bjóða sig fram sem varaforseta. Kollegar hans eins og þingmaðurinn Henry Cabot Lodge hvöttu Roosevelt ítrekað til bjóða sig fram (Miller, 1992, 334). En Roosevelt vildi ekki verða varaforseti. Hann fengi minna borgað sem varaforseti miðað við starf hans sem borgarstjóri. Síðan 1800 hafði engin varaforseti orðið að forseta innan Bandaríkjanna. Þrýstingur innan Repúblikanaflokksins var þó ekki allur af jákvæðum toga (Miller, 1992, 334).

Tom Platt, sem fékk viðurnefnið pólitíski stjórninn (e. Political boss), vildi losna við Roosevelt sem borgarstjóra New York og taldi því tilvalið að hann yrði varaforseti. Framfarastefna Roosevelt og eyra hans fyrir áhyggjum almennings vegna einokun stórfyrirtækja fór illa í Tom Platt og aðra íhaldsmenn innan Repúblikanaflokksins. Þeir höfðu eldað grátt silfur í þó nokkurn tíma sökum þess (Miller, 1992, 334). Hvort Roosevelt hafi talið sig stærri eða betri en flokkinn er ómögulegt að segja. Stuðningsmenn hans eins og Lodge vildu að hann myndi bjóða sig fram. Tom Platt reyndi síðan að hvetja þá sem voru efins til að kjósa hann, því varla myndi hann valda vandræðum sem varaforseti. Í það minnsta myndi hann ekki valda vandræðum í New York lengur. Þar með hlaut Roosevelt stuðning kollega sinna sem og þeirra sem vildu losna við hann sem borgarstjóra (Miller, 1992, 335).

Fjölmiðlar börðust um að skrifa um hugsanlegt framboð Roosevelt, og á bakvið tjöldin beitti Tom Platt sér fyrir að fá stuðning fyrir framboði Roosevelt. Þrátt fyrir

yfirlýsingar um að hann myndi ekki bjóða sig fram fann hann sig tilneyddan til að mæta í Hvíta húsið og tilkynna forsetanum, McKinley, að hann hefði ekki áhuga. Honum til mikillar furðu og gremju, þá vildi McKinley hann ekki sem varaforseta, og Mark Hanna, kosningastjóri McKinley, vildi ekki sjá hann í kringum Hvíta húsið. Þeir hefðu hvorugir fyrirgefið honum fyrir gagnrýni hans á Spánarstríðið, og þar fyrir utan þótti Roosevelt óstjórnlegur (Miller, 1992, 339). Repúblikanaflokkurinn hélt landsfund í júní þar sem skera átti úr um hvort McKinley forseti hefði stuðning flokksins, og þar að auki hver hefði stuðning til að verða varaforseti. (Miller, 1992, 338-340). Andstaða Roosevelt við framboðið hefur verið umdeild í gegnum tíðina, hvort andstaðan hafi verið einlæg eða hvort þetta hafi einfaldlega verið sýning hjá Roosevelt til að láta ganga á eftir sér. Hvort stuðningur kollega sína eða þrá hans til að komast í valdastöðu hafi ýtt honum í að bjóða sig fram er ennþá óvitað. Eitt er þó víst, Roosevelt vildi eiga sviðið þegar hann labbaði inn á það, og það gerði hann seinna sama kvöld þegar hann bauð sig fram. Roosevelt labbaði hægt niður stigann, hélt þrumu ræðu, og fékk samtímis stuðning allra á landsfundnum þó að ræðan hafi verið um McKinley forseta. Plaköt, miðar og söngur einkenndu salinn og Roosevelt vann kosninguna með öllum atkvæðunum nema einu, sínu eigin. Ég er sterkur eins og elgstarfur og þið getið notað mig eins og þið viljið (e. „I am as strong as a bull moose and you can use me up to the limit“). Þetta sagði Roosevelt í enda kvöldsins þegar hann ræddi við kosningastjóran, en þessi setning átti eftir að koma sterk til baka þegar hann stofnaði sinn eigin flokk (Miller, 1992, 332).

Niðurstöður forsetakosninga Bandaríkjanna komu engum á óvart, en Repúblikanaflokkurinn gjörsigraði Demókrataflokkinn með 292 atkvæðum kjörmannanna gegn 155, og fékk Roosevelt mikið lof fyrir sína þátttöku í baráttunni (Miller, 1992, 334).

3.4 Theodore Roosevelt, forseti Bandaríkjanna

6. september árið 1901 var McKinley forseta sýnt banatilræði. Hann hafði verið aðalgestur á ráðstefnu og lagt áherslu á að vera bæði sýnilegur og aðgengilegur þrátt fyrir varnaðarorð öryggisvarða hans. Rétt fyrir lok ráðstefnunnar kom maður að nafni Leon Czolgosz til forsetans, og í stað handabands rétti sami maður út litla skambyssu sem hleypti af 2 skotum, sem bæði fóru í forsetann. Roosevelt var látinn vita samstundis í gegnum síma og honum tjáð að hann skyldi koma til Buffalo, þar sem forsetinn væri á leið í aðgerð (Miller, 1992, 348).

Næstu dagar voru fullir af áhyggjum og einnig gleði, þar sem einn daginn var forsetinn á bataveg, en þann næsta í lífshættu. En þann 14. september dró McKinley forseti síðasta andadrátt sinn (Miller, 1992, 349). Næstu 12 tíma voru Bandaríkin án forseta (Miller, 1992, 351), en upp úr 15:00 komu saman ráðuneytismenn, nokkrir gestir og örfáir fréttamenn til að verða vitni að því þegar Roosevelt sór eið um að þjóna Bandaríkjunum og taka við sem 26. forseti Bandaríkjana (Miller, 1992, 352).

Roosevelt hafði mikinn metnað að hrinda í framkvæmd ýmsum baráttumálum. Þeirra helst voru baráttan við auðhringa og einokunarfyrirtæki. Hann þurfti þó að fara varlega fyrst í stað til að viðhalda stuðningi áhrifamanna í flokknum (Miller, 1992, 354-356). Þessar áherslur hans áttu hins vegar mikinn hljómgrunn meðal kjósenda.

En áður en varði hafði Roosevelt hrundið af stað herferð gegn einokun og fákeppni í járnbrautaflutningum. Hann beitti sér fyrir því að bandaríska dómsmálaráðuneytið myndi leysa upp fyrirtæki sem hafði komið sér í einokunarstöðu í járnbrautaflutningum (Northern Securities Corporation) á grundvelli laga frá 1890 sem bönnuðu fákeppni og einokun (e. Sherman Act). Fyrirtækið sætti sig ekki við inngrípin og höfðaði mál gegn ríkinu. Það tapaðist í Hæstarétti Bandaríkjana árið 1904 og varð mikilvægt fordæmi í bandarísku viðskiptalífi. Þetta jók mjög vinsældir Roosevelts sem farið var að kalla „trust buster“ (Miller, 1992, 368).

Forsetakosningarnar 1904 enduðu með stórsigri Roosevelt (Miller, 1992, 435). Fram yfir 1906 vann Roosevelt marga pólitíska stórsigra, og má þar helst nefna baráttu hans fyrir hreinum mat og lyfjum, sem hafði í för með sér gríðarlega endurskoðun á gæðum matvæla og lyfja. Einnig varð eftirlit töluvert meira til að ganga úr skugga um að allt uppfyllti kröfur. Þar að auki tókst Roosevelt að lækka verðið á járnbrautarlestarferðum og rekstri í kringum þær (Miller, 1992, 463). Undir lok seinna kjörtímabils Roosevelts var hann ákveðinn að finna fullkominn eftirmann, og varð William Howard Taft fyrir valinu. Taft hafði stutt stefnu Roosevelts í gegnum tíðina (Miller, 1992, 485). Þegar næstu forsetakosningu lauk hafði Taft sigrað og markmið Roosevelt að finna verðugan eftirmann gengið eftir. En sami maður átti eftir að knýja Roosevelt til að stofna nýjan flokk, Framfaraflokkinn (e. Progressive Party).

3.5 Kosningar 1912, úr Republican floknum yfir í Progressive Party

Árið 1912 ákveður Roosevelt að bjóða sig aftur fram, eftir að hafa ítrekað neitað að hafa áhuga. Fræðimenn hafa velt fyrir sér af hverju Roosevelt hafi ákveðið að fara í þennan slag (Miller, 1992, 485). Lærlingur hans, Taft, hafði mistekist að mati Roosevelts sem forseti og farið gegn mörgum áherslum og markmiðum Roosevelts. Andúð hans á lærling sínum og núverandi forseta, Taft, ásamt þörf fyrir valdi og sviðsljósi, gæti hafa leitt til þess að Roosevelt bauð sig aftur fram (Miller, 1992, 521).

Fræðimenn vilja færa rök fyrir því, að hér hafi einstakt tækifæri gefist í augum Roosevelts. Ef hann færi í framboð, og ekki sem hluti af aldagömlu kerfi Bandaríkjanna, heldur fyrir flokk almennings, yrði hann einhver valdamesti forseti Bandaríkjanna fyrr og síðar (Pavord, 1996, 634). Nálgun hans að kosningunum þótti djörf á sínum tíma, en hann sótti m.a. stuðning til svartra Bandaríkjamaða þ.e. þeirra sem höfðu kosningarétt (Green, 1964, 154-156). Einnig sótti hann til bandarískra kvenna undir sömu skilyrðum (Pavord, 1996, 634), en fáir einstaklingar úr þessum hópum höfðu kosningarétt.

Í framboði repúblíkanaflokksins sigraði Roosevelt í fleiri fylkjum en Taft, 9 fylki gegn 1. Ef farið hefði verið eftir vilja almennings á landsfundinum, hefði Roosevelt fengið 278 atkvæði en Taft 48. En íhaldsarmur flokksins studdi Taft. Að auki hafði sami hluti flokksins tekið upp á aðgangsmiðum sem aðeins stuðningsmenn Taft gátu fengið (Green, 1964, 155).

Á endanum fór þetta fyrir meðmæla og trúnaðardeild flokksins, sem Taft hafði fullan stuðning hjá. Taft sigraði með 235 atkvæðum gegn þeim 19 atkvæðum sem Roosevelt fékk (Miller, 1992, 524). Roosevelt strunsaði á methraða að hitta kollega sína, þar sem hann lýsti því yfir að honum liði eins og elgtarfi (e. Bull Moose), en elgtarfur átti eftir að vera táknmynd flokksins sem Roosevelt stofnaði stuttu síðar, Progressive Party (Miller, 1992, 525).

Progressive Party undir hans stjórn þótti mjög breiður og fjölbreytilegur flokkur. Roosevelt vissi að kosningaherferðin þyrfti að snúast um bandarískan almenning, hvernig bandarískur almenningur ætti að stjórna sér sjálfur og verjast gegn fyrirtækjum og sjóðum. Þar að auki vissi hann að það væri vinsælt að höfða til almennings og þess vegna skoraði hann á kosningastjórn Taft að gera breytingar á kosningakerfinu. Í stað þess að kjörmannaráð hvers fylkis myndi sjá um atkvæðin, færi atkvæðagreiðslan sjálf til almennings. Roosevelt taldi það ólíklegt að Taft myndi samþykkja, en með þessu myndi hann í það minnsta taka sér stöðu gegn almenningi (Tichenor & Fuerstman, 2008, 58).

Þetta útspil skapaði velvild í garð flokksins, en þetta útspil hafði dregið úr styrkleika íhaldsins og spillingunni sem fylgdi repúblikafloknum (Tichenor & Fuerstman, 2008, 59). Flokkur Rooseveltts kallaði eftir auknum rétti kvenna, beinum kosningum fyrir forsetaefni og borgarstjóra, auðveldari leið til að lagfæra stjórnarskrána, auknum rétti almennings til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu og gæfi almenningi möguleika á að breyta niðurstöðum réttardómsmála (Tichenor & Fuerstman, 2008, 61).

Þó að Roosevelt hafi staðið sig töluvert betur en margir þorðu að vona undir hatti Progressive Party, tapaði hann að lokum fyrir Demókrata flokknum og leiðtoga þeirra, Woodrow Wilson. Roosevelt sigraði í 5 fylkjum, og tapaði í 9 öðrum fylkjum með einungis örfáum prósentustigum (Miller, 1992, 531).

3.6 Samantekt

Roosevelt tók mörg verkefni að sér í lífinu og þótti ansi róttækur. Hann var dáður af almenningi en oft illa liðinn af flokksbræðrum og flokksforingjum sökum þess hversu framsækin hann var og baráttu hans fyrir breytingu. Með viðurnefnið „Trustbuster“, að þá kemur það varla á óvart að hann þótti mjög skilvirkur í að brjóta upp einokunarhringi á mörkuðum. Roosevelt skapaði sér nafn í öllum þeim stöðum sem hann tók að sér, en það dugði ekki til að koma honum í forsetastólinn í þriðja sinn árið 1912.

Ræðan hans fræga, sem hann hélt með byssukúlu í líkama sínum, stendur upp úr að því leiti að hún var örfáum mínútum eftir byssuskotið, og stóð yfir í 90 mínútur. Þar talaði Roosevelt máli „almennings“. Hann vildi uppræta hið gamla og spillta skerfi. Völdin þyrfti að færa aftur til almennings og Roosevelt gæti knúið þá breytingu fram. Ræðan sjálf er hugsanlega skýrasta dæmi um lýðhyggju notkun Rooseveltts. Flestir stjórnámálamenn vilja tala fyrir hönd almennings og Roosevelt er ekki öðruvísi. Ekki er þó hægt að segja að Roosevelt hafi tekið upp hentistefnu, hann hélt sig við sína hugmyndafræði sem innihélt oft vinsælar ákvarðanir. Ennfremur málaði hann ekki andstæðinga sína sem vonda menn, hann vildi frekar uppræta gömul rótgróin kerfi. Framfarasinna var hann, hugsanlega voru hugmyndir hans sósálískar, en lýðhyggjusinni var hann ekki.

4. Franklin Roosevelt og Huey Long: Lýðhyggja í mælskulist og í framkvæmd.

Fjórði kafli fjallar um Bandaríska forsetann Franklin Roosevelt, og Huey Long, ríkisstjóra Louisiana. Rígur myndaðist á milli þeirra og er ætlun kaflans að sjá hvernig þeir unnu sig upp og hvernig þeir tengjast lýðhyggju. Franklin Roosevelt var líkt og frændi sinn, Theodore Roosevelt, ekki lýðhyggjusinni. En hægt er að færa rök fyrir því að Franklin Roosevelt hafi beitt lýðskrumi í herferðum sínum þegar hann sóttist eftir forsetaembættinu. Tími hans sem forseti var þó ekki málaður af lýðhyggju, heldur raunsæi. Franklin Roosevelt er eini forseti Bandaríkjana sem hefur starfað í fjögur tímabil. Huey Long aftur á móti talaði ekki bara með lýðskrum, heldur er hægt að sjá hvernig hann beitti sér sem lýðhyggjusinni. Hann hafði heljartak á Louisiana þar sem hann átti einstakt samband við almenning. Share Our Wealth tillaga hans verður sérstaklega tekin fyrir, en hún er oft kölluð hornsteinn stjórn málaferils hans. Í kaflanum verður Franklin Roosevelt fylgt fram að New Deal, og svo verður fjallað um Huey Long. Farið verður yfir hans tíma sem ríkisstjóra, tíma hans sem öldungarþingmaður Bandaríkjana og loks áhuga hans til forsetaembættisins.

4.1 Kynning á Franklin D. Roosevelt, þingmanni og ríkisstjóra New York.

Franklin Delano Roosevelt (Hér eftir FDR) fæddist árið 1882 í Hyde Park, foreldrar hans voru James Roosevelt og Sara Delano (Gröndal, 1971, 15) Rétt eins og frændi sinn, Theodore Roosevelt, var FDR mjög hrifinn af náttúru og útivist. Hann fékk snemma áhuga á fuglum og hestum. FDR fékk til að mynda mjög snemma byssu frá föður sínum, með því loforði að hann skyldi ekki skjóta fugla til gamans. FDR stoppaði upp fugla á lífsleiðinni og átti hann 300 uppstoppaðar fuglategundir þegar hann var aðeins 11 ára (Gröndal, 1971, 18). FDR fékk einkakennslu heima hjá sér fram að 14 ára aldri, og svo átti að senda hann í heimavistarskólann Groton sem var ætlaður efristéttarfólki (Gröndal, 1971, 23).

FDR hafði mest megnis alist upp með foreldrum sínum og þótti mjög feiminn þegar það kom að því að kynna jafnöldrum sínum. Einnig þótti FDR erfitt að umgangast jafnaldra sína sökum þess hversu mikið þeir töluðu um peninga sína og hversu ríkar fjölskyldur þeirra væru. FDR var ekki illa við þá vegna þess að hann átti minna að, heldur þótti honum það lítilsvært að vera tala um fjárhag sinn (Gröndal, 1971, 24).

Síðar hóf FDR nám við Harvard, þar sem hann þroskaðist mikið og vann við ýmis störf innan deildar skólans, hann var til að mynda ritstjóri skólablaðsins. Sem ritstjóri blaðsins tók hann eitt sinn viðtal við frænda sinn, Theodore Roosevelt. Í kjölfarið fékk FDR frænda sinn til að halda ræðu fyrir nemendur skólans og vakti það mikla kátínu hjá nemendum. Í raun má segja að þarna hafi fyrstu fræjum að stjórn málaferli hans verið sáð, þar sem FDR dýrkaði og dáði frænda sinn (Gröndal, 1971, 26-27).

FDR lauk lögfræðiprófi 25 ára gamall árið 1907 og gerðist málafærslumaður. Honum þótti það þó heldur óáhugavert starf, en gat skemmt sér þegar það kom að sjórétti (Gröndal, 1971, 57). Árið 1910 kom þáverandi æðsti maður í röðum demókrata frá Dutchess County til New York, John E. Mack, og bað hann óvænt um að bjóða sig fram til fulltrúafings New York fylkis. FDR fannst það heldur skrítið, enda hafði demókrati ekki unnið í kjördæminu í marga áratugi. En FDR og demókrataflokkurinn myndu græða á framboðinu, FDR fengi nýtt áhugamál til að dunda sér við, og demókrataflokkurinn fengi Roosevelt nafn á framboðslista sinn (Gröndal, 1971, 58). FDR sigraði í kosningunum með um 15 þúsund atkvæðum gegn 14 þúsund atkvæða og varð því þingmaður í fulltrúafingi New York fylkis (Gröndal, 1971, 62).

Brátt leið að kosningum í öldungardeild alríkisins í Washington, og lá það fyrir að demókratar myndu fá annan fulltrúa útaf meirihluta þeirra í báðum deildum þingsins í Albany. Maðurinn sem fékk tilnefninguna var William P. Sheehan, ríkur kaupþýslumaður sem hafði ekki gott orðspor, en hann þótti oft stela peningum úr kosningasjóðum. Áhrif Sheehan voru töluverð, og má tala um hann sem pólitískan stjóra (e. political boss). Þegar FDR heyrði af áætlum forystu flokksins, gekk hann í andstöðuhóp (Gröndal, 1971, 64).

Hann ætlaði að fá allnokkra deildarþingmenn með sér til liðs og koma þannig í veg fyrir kosningu Sheehans. Fjármálahneyksli hafði sprottið upp áður í Demókrataflokknum, þó það hefði ekki lent í sviðsljósinu. En FDR talaði um Sheehan sem spilltan einstakling, hann notaði fjármálalífið eins og sér hentaði og nýtti sér yfirburðar stöðu sína til að knýja fram einhliða samninga. Að kjósa Sheehan væri svik við almenning og fólk af landsbyggðinni. Þessi andstöðuhópur FDR innihélt 18 aðra flokksmenn og teygði andstaða þeirra töluvert á kosningum. 10 vikur liðu þangað til að leyst var úr deilunni og var maður fenginn í staðinn sem báðir aðilar gátu sætt sig við (Gröndal, 1971, 65).

Rétt eins og frændi sinn hafði FDR áhuga á flotamálaráðuneyti Bandaríkjanna. Hann hafði í hyggju að hörfa til baka í þingmennsku í Albany í New York fylki. Kvöldið fyrir innsetningu Woodrow Wilson forseta hitti FDR verðandi flotamálaráðherra Josephus Daniels. Var FDR spurður hvort hann hefði áhuga á að starfa innan Hvíta hússins, og hann svaraði því að hann hefði áhuga að vinna með flotamálaráðuneytinu. Daginn eftir að Josephus

Daniels var kjörinn flotamálaráðherra hittust þeir í anddyri hótelsins, þar sem FDR fékk tilboð um að verða aðstoðarflotamálaráðherra, sem hann þáði. Hann sagði af sér sem þingmaður fulltrúarþings New York og varð þar eftir aðstoðarflotamálaráðherra (Gröndal, 1971, 82-83).

Án þess að láta helstu bandamenn sína vita bauð hann sig fram í öldungardeild í Washington árið 1914. Leiðtogi Flokksforystunar, Charles Murphy, var illa við framboð FDR og reyndi hann að finna sinn veðhlaupahest gegn honum. Flokksforystan fann frambjóðenda að nafni James W. Gerard, sem einnig var sendiherra Bandaríkjanna í Þýskalandi. Andstæðingur FDR mætti aldrei frá Þýskalandi, en náði þó að sigra FDR með mikillri yfirhönd í forkosningum (Gröndal, 1971, 87).

Eftir að hafa starfað sem aðstoðar flotamálaráðherra í 6 ár frá 1913-1919 var FDR búinn að skapa sér stórt nafn innan stjórn málaheimsins. Þótt að líkurnar væru ekki miklar, þá þráði FDR að bjóða sig fram og hljóta þann heiður að verða varaforseti Bandaríkjanna. Líkurnar voru litlar, en þær voru einnig litlar þegar FDR varð þingmaður hjá öldungardeild Dutchess County (Gröndal, 1971, 121). Árið 1920 sagði FDR af sér og bauð sig fram sem varaforsetaefni ásamt James Cox forsetaefni. Þegar úrslitin voru afhjúpuð kom í ljós að Cox og FDR höfðu tapað illa. Þetta var á sínum tíma einhver stærsti ósigur sem sést hafði í bandarískum forsetakosningum. Með 9.147.353 milljónum atkvæðum og 127 kjörmenn gegn 16.152.200 atkvæðum og 404 kjörmanna tapaði FDR gegn andstæðingum sínum Harding og Coolidge (Gröndal, 1971, 127).

Sumarið 1921 fer FDR að veikjast og kunnu lækna ekki skil á því hvað væri að hrjá hann í fyrstu, þó að fjölskyldumeðlimir grunuðu lömunarveiki og staðfesti sérfræðingur það seinna (Gröndal, 1971, 131). FDR lærði með tímanum að nota hækjur. Einnig voru járnspelkur settar á hann sem gerðu honum kleift að ganga stutta vegalengd. Mikilvægt væri að almenningur sæi hann gangandi og við góða heilsu (Gröndal, 1971, 141). Heilsa hann skánaði töluvert með sundi í Warm Springs í Georgíu fylki. Svo gott var að synda í laug þessari að hann kom á fót endurhæfingarstöð fyrir þá sem tókust á við lömun (Gröndal, 1971, 142-143).

Árið 1928 var óljóst hverjum demókratar myndu tefla fram sem ríkisstjóraefni í New York. Mikil áhersla var lögð á að fá FDR sem ríkisstjóra og á landsþingi demókrata í september sama ár var það einróma skoðun áhrifavalda þar, að þörf væri á að fá FDR sem ríkisstjóra. Sökum heilsu- og fjárhagsvandamála taldi FDR það ekki rétt í stöðunni að bjóða sig fram, þrátt fyrir stöðugan þrýsting (Gröndal, 1971, 155). En eftir loforð um fjármögnun fyrir endurhæfingarstöð, verðugan aðstoðarríkisstjóra sem gæti tekið við ef FDR þyrfti sjálfur

að fara í endurhæfingu og tilnefningu demókrataþingsins sætti FDR sig við það og samþykkti að verða efni demókrata til ríkisstjórnar í New York(Gröndal, 1971, 157).

Kosningabaráttan var erfið fyrir FDR sökum heilsu hans en mjög gefandi, og yfirleitt gekk vel. Eitt sinn var aðgengi svo slæmt að einungis tvær leiðir voru að sviðinu, í gegnum allan mannfjöldan eða upp þráðbeinan brunastiga. Þar sem ómögulegt væri að hylja lömun hans, og sterkur leiðtogi myndi ekki vilja fá vorkunnar stig. Því gekk hann í það verkefni að hífa sig upp brunastigan. Þegar hann var loksins kominn upp stigann og á sviðið var hann svo kófsveittur og andstuttur að varla gafst tími til að þurrka svitan af enninu hans og undirbúa hann. Allt gekk þó furðulega vel og engan grunaði hvað hefði gengið á nokkrum mínútum áður(Gröndal, 1971, 158). FDR var síðar kjörinn ríkisstjóri New York árið 1929(Gröndal, 1971, 159).

Sem ríkisstjóri New York mótaði FDR sína eigin stefnu. Barátta fyrir ódýrari raforku og herferðir til að losa orkuverin úr höndum einokunarhringja voru stefnumál FDR. Það þurfi að verja réttindi venjulega mannsins gegn hroka, ójöfnuði og spillingu frá elítunni. Almennungur skyldi vera í forystu fram yfir fámennan hóp(Gröndal, 1971, 166).

Landbúnaður og samgöngur voru einnig ofarlega í hans stefnu(Gröndal, 1971, 167).

Í janúar árið 1930 reyndi forsetinn, Herbert Hoover, að sannfæra almenning um að verðbréf Wall Street færi hækkandi, og ástandið færi sömuleiðis batnandi. FDR og hans ríkisstjórn fór öfuga leið og vildi sýna að ástandið hefði versnað, það þyrfti að koma fólki til valda sem sæi hversu slæmt ástandið væri. Sama ár kom FDR á fót sérstakri deild sem átti að hlúa að atvinnulausum einstaklingum með tryggingum. Deildin fékk nafnið TERA(Temporary Emergency Relief Administration), og var fyrsta grundvallarhugmynd Bandaríkjamanna um atvinnuleysistryggingu(Gröndal, 1971, 168).

Vinsældir FDR jukust jafnt og þétt, og er vert að skoða notkun hans á útvarpi á þessum tíma, en fáir einstaklingar sáu fyrir sér hversu öflugt útvarpið gat orðið. Hann nýtti sér það og talaði beint til fólksins, líkt og hann væri meðal þeirra og væri í sömu baráttu. Hann talaði einfalt mál og einfaldaði oft stefnu sína til að ná til sem flestra. Að auki kryddaði hann oft sögur sínar og staðreyndir, til að kynda enn frekar undir áhuga hlustenda(Gröndal, 1971, 169). FDR var endurkjörinn sem ríkisstjóri árið 1930 og hélt áfram að bera þungar sakir í garðs Herbert Hoover forseta. Hann skyldi gera sér grein fyrir þörf almennings og hversu slæmt ástandið væri(Gröndal, 1971, 170).

4.2 Forsetaframboð og New Deal

Árið 1932 ákveður FDR að bjóða sig fram sem forseta. Næsta kjörtímabil yrði gríðarlega erfitt sökum kreppunnar miklu sem skolið hafði á. Og þegar það kom að því að velja sér ráðamenn til að fara í herferð var valið ekki erfitt. Kollegi hans FDR, Sam Rosenman, útskýrði fyrir FDR að ómögulegt væri að sækja hjálp til kaupsýslumanna og stjórnámálamanna. Almenningsur væri kominn með upp í kok, og ef hann ætti að sigra þyrfti hann öðruvísi blóð í herferðina. Ákveðið var að fara öðruvísi leið og leita til háskólaprófessora. Þessir háskólaprófessorar væru með mikla þekkingu, en væru fyrst og fremst ekki spilltir í augum almennings (Gröndal, 1971, 171).

Þegar komið var að ræðuhöldum þótti Roosevelt róttækur. Í ræðum sínum fyrir flokksþingi lýsti hann efnahagskerfinu sem sjúklingi. Bændur væru stærsti hluti þjóðfélagsins og þess vegna ætti að hlúa betur að þeim og hífa þá upp. Ríkisstjórnin ætti fyrst og fremst að huga að hag hins gleymda almennings, en ekki þeirra sem hafa haldið almenningsi niðri með áherslu á pening og völd (Gröndal, 1971, 177).

Flokksforystan og íhaldsarmur Demókrataflokksins var ekki hrifinn af róttækri stefnu FDR. Hvort sem hann ætlaði að framfylgja þessari stefnu sinni eður ei, þá hefði honum allavega tekist að æsa almenning upp. Alfred Smith var ákveðinn í að bjóða sig aftur fram og hélt þrumuræðu á stórhátíð Demókrataflokksins. Þar sagði hann FDR vera yfirborðsmann og fyrst og fremst, lýðskrumara, að bandarískir ríkisborgarar væru orðnir langþreyttir á málgjöðum stjórnámálamönnum. FDR og fleiri menn af sama tagi tali endalaust um hvað sé að en hafa ekki hugmynd um hvernig skal laga ástandið. Varla sé hægt að leysa erfiðleikana með lýðskrumi. Alfred Smith sagði að sitt helsta markmið væri að leiða atlöguna gegn öllum þeim lýðskrumurum sem æsa ætla almenning upp með stéttabaráttu og fögrum fyrirheitum. Hatur eigi ekki að ríkja á milli ríkra og fátækra heldur sátt og samlyndi (Gröndal, 1971, 178).

Forkosningarnar í Demókrataflokknum voru jafnar og erfiðar fyrir flesta frambjóðendur, og var mesta keppnin á milli Garner, Smith og FDR. Blaðamaðurinn Walter Lippman fór ekki fögrum orðum um erfiðleika FDR í kosningunum. FDR hafði staðið lengst í herferð sinni og reynt hvað mest að hagnast á óánægðu almennings. Ótrúlegt væri, að stjórnálakerferð hans og lýðskrum, væri ekki búíð að skila inn fleiri atkvæðum en raun bar vitni (Gröndal, 1971, 179).

En þegar öllu er á botninn hvolft náði FDR að sigra forkosninguna og hlaut tilnefningu Demókrataflokksins sem forsetaefni. Mikið hefði gerst á bak við tjöldin og samningar á milli hans og frambjóðendans Garner náðust. Með loforði sínu um að stokka

spilin upp á nýtt (e. New Deal) gekk FDR til kosningabaráttu með John Nance Garner sem varaforsetaefni (Gröndal, 1971, 185-186). Það er einnig á þessum tíma sem FDR hittir fyrst ríkisstjóra Louisiana, Huey Long. Þeir áttu eftir að elda grátt silfur saman, en fyrir kosningarnar var þeim báðum til hags að vinna saman. Huey Long færi í fylki sem teldust töpuð og gat þar verið eins hávær og hann vildi vera. Á meðan gæti FDR fært honum aukið pólitískt vald til Louisiana (Brinkley, 1982, 44-45).

Þegar það kom að forsetakosningunum sjálfum komu gleði tíðindi. Endanleg úrslit sýndu að FDR hefði unnið stórsigur. FDR hlaut 22.8 milljónir atkvæða sem er 57,3% og 472 kjörmenn. Andstæðingur hans, fráfarandi forsetinn Herbert Hoover, hlaut 15.8 milljónir, 38,6% og aðeins 59 kjörmenn. Einnig sigraði Demókrataflokkurinn í báðum þingdeildunum í kjölfarið af forsetakosningunum (Gröndal, 1971, 197).

FDR fékk oft gagnrýni frá ráðunautum sínum vegna þess hversu oft hann skipti um skoðun. Spurningin væri, hvort FDR tæki upp hentistefnu eftir því hvernig vindurinn blés. FDR var þó alltaf með raunsætt og ákveðið svar, að þó hann þurfi að skipta um skoðun tvisvar á dag til að leysa verkefnið, þá myndi hann gera það (Gröndal, 1971, 202).

4.3 Huey Long

Áður en Huey Long varð tvítugur spáði hann fyrir því að á næstu sjö árum myndi hann bjóða sig fram í stórt ráðuneyti, síðar sem ríkisstjóri, einnig sem öldungarþingmaður og að lokum sem forseti. Huey Long þótti einstaklega vægðarlaus og ákveðinn, og stjórnaði hann með járnhandi og umbreytti Louisiana á sjö ára tímabili. Hann naut slíkrar hylli að það truflaði forsetatíð Franklins Roosevelts (Brinkley, 1982, 8).

Hann ógnaði og valsaði yfir löggjafarþing Louisiana og tókst að knýja sínar tillögur fram nánast eins og hann vildi. Einnig trónaði Huey Long yfir dómstólum í fylkinu og gerði lítið úr sjálfstæði þeirra. Huey Long yfirtók skrifræðið algjörlega í Louisiana. Þegar hann fór frá Louisiana árið 1932 sá hann til þess að eftirmaður sinn væri svo dyggur bandamaður hans að hann gæti stjórnað fylkinu frá Washington. Sumir fjölmiðlar kölluðu hann einræðisherrann í Louisiana, andstæðingar hans reyndu hvað eftir annað að taka hann niður sem gekk þó aldrei upp (Brinkley, 1982, 8-9).

Andúð andstæðinga hans jókst svo mikið að þeir byrjuðu að hata hann. Hin hliðin á þessu hatri var hins vegar aðdáun almennings á honum. Fyrir fólkið hafði hann látið byggja þjóðvegi, bryggjur, skóla og gefið fríar kennslubækur. Einnig fór hann í herferðir

gegn olúfyrirtækjum og einokunarhringjum innan Louisiana. Og var það vegna þess sem hann var kosinn ítrekað aftur sem fylkisstjóri (Brinkley, 1982, 9).

Huey Long fæddist árið 1893 í millistéttarjölskyldu, og þótti æskan hans heldur venjuleg. Hann sótti skóla og vann á bóndabýli í heimabæ sínum, Winnfield. En strax frá unga aldri var það ljóst að Huey Long væri ekki eins og allir hinir. Hann þótti mjög málgláður, með sterkar skoðanir, gafst aldrei upp og þótti einungis hugsa um sjálfan sig og hvernig hann gat fengið sitt. Hann varð afreksmaður í kappræðum og vann minniháttar námsstyrk vegna þess (Brinkley, 1982, 10).

Áhugi hans á stjórnmálum kom fljótt, og var hann einungis fjórtán ára þegar hann hjálpaði bróður sínum í þingmannakosningum í Louisiana. En þótt að hann kæmi frá vel stæðu heimili var hann ekki einangraður frá fátæktinni í kringum sig. Huey Long talaði um það í ævisögu sinni hvað allir nágrannar hjálpuðust mikið að, hvernig fjölskyldur unnu saman og hvernig hinu ríku hjálpuðu þeim fátæku í þessu sjálfstæða bæ. Þó það sé líklegt að þessi lýsing hans hafi verið ýkt fyrir pólitískan feril hans, að þá var einhver sannleikur þarna. Þó lýsti Huey Long sér aldrei sem sósalista (Brinkley, 1982, 11).

Hann starfaði sem sölumaður í fjögur ár, og fór hann í lögfræði eftir þann tíma. Eftir minna en eitt ár fékk hann að taka sérstakt próf til að sanna að hann væri nú þegar tilbúinn til útskriftar. Hann stóðst prófið auðveldlega og fór að iðka lögmennsku árið 1915 (Brinkley, 1982, 13). Fyrsta árið hans sem lögfræðingur var erfitt og sóttu fáir einstaklingar hjálp hans. Hann skaust hins vegar upp á stjórnheiminn þar á bæ þegar honum tókst að vinna mál ekkju gegn banka, eitthvað sem þótti ómögulegt. Næstu ár starfaði hann áfram sem lögfræðingur og státaði sig af því að vinna aðeins fyrir fátækt fólk, eitthvað sem var ekki alveg rétt en hafði þó ákveðinn hljómgrunn (Brinkley, 1982, 14).

Fátt var um framboðsefni á þessum tíma sem töluðu fyrir hönd almennings, og ef einstaklingar fóru í framboð á þeim nótum í Louisiana var það framboð umsvifalaust barið niður. Þeir örfáu einstaklingar sem náðu kjöri og höfðu hag almennings í huga komust lítið áfram, og mættu andstöðu úr öllum áttum. Stjórnarhættir Louisiana voru rótgrónir og þekkti almenningur lítið til stéttabaráttu. Louisiana var talið eitt versta ríkið þegar það kom að þjónustu til íbúa þeirra. Ónýtir vegir, lélegir spítalar, skattakerfið úrelt, vatns- og rafmangsskortur var hjá mörgum íbúum ásamt því að skólakerfið var svo slæmt að margir hverjir gátu ekki lesið. Huey Long hugsaði sér gott til glóðarinnar í þessum aðstæðum og talaði um að gjörbreyta kerfinu (Brinkley, 1982, 16).

25 ára vann hann fyrstu kosningarnar sínar og fékk opinbert starf sem hluti af framkvæmdarstjórn járnbrautalestaráðuneytis Louisiana (Brinkley, 1982, 17-18.) Starf hans

einkenndist m.a. af baráttu gegn hækkunum á ritsímagjaldi og olúu verði, svo eitthvað sé nefnt. Stöðug barátta hans fyrir því að bæta lestarsamgöngur og andúð á olúu- og stórfyrirtækjum vakti mikla athygli. Svo mikil var frægð hans að honum tókst að koma vini sínum, John M. Parker, í stöðu ríkisstjóra. Þeir urðu síðan miklir óvinir þegar Parker tókst ekki að koma í gegn breytingum, og notaði Huey Long fjölmiðla til að tala niður til Parkers (Brinkley, 1982, 18).

Árið 1923 ákvað Huey Long að bjóða sig fram sem ríkisstjóri Louisiana fyrir Demókrataflokkinn. Herferð hans einkenndist af stöðugum árásum á ríkjandi öfl. Hann sagði olúufyrirtæki vera eins og rándýr og sakaði ríkjandi stjórn um svik og að hygla fyrirtækjum. Allir sem voru einhverjir urðu fyrir barðinu á Huey Long, og þá sérstaklega íhaldshliðin. Herferð hans var kröftug en dugði á endanum ekki, þar sem Huey Long endaði í þriðja sæti í kosningum. Það sem kom á óvart var hins vegar hversu sterkur Huey Long kom út úr kosningunum. Búið var við því að hann fengi einungis nokkur þúsund atkvæði en endaði á því að fá rétt undir 74 þúsund atkvæði. Huey Long eyddi næstu fjórum árum í að byggja upp sterkt bakland og studdi við bak öldungarþingmanna frá Louisiana. Þeir gætu á móti veitt honum stuðning í næstu ríkisstjórnarkosningum Louisiana (Brinkley, 1982, 19).

Árið 1927 þegar Huey Long gaf út að hann ætlaði að bjóða sig fram var herferð hans komin með sterkt og mikið bakland. Svo mikla skriðu var herferð hans komin á að andstæðingar hans snerust í hringi ekki um hvernig þeir ættu að hljóta tilnefningu, heldur hvernig það ætti að stoppa Huey Long. Baráttan var háð á svipuðum nótum, hún einkenndist af árásum á andstæðinga sem voru sníkjudýr sem lifðu á almenningi. Slagorð Huey Long var „Every Man a King, But No One Wears a Crown” eða „hver maður skal vera konungur ,en enginn skal bera kórónu” og var ný útfærsla af slagorði William Jennings Bryan, sem var leiðtogi lýðhyggjuflokksins (e. Populist party), og þótti bera sig sem lýðskrumari. Long átti eftir að nýta sér gremju almennings og sömuleiðis von þeirra um breytta tíma (Brinkley, 1982, 20). Huey Long sigraði með 126 þúsund atkvæðum eða 44% af öllum atkvæðunum. Aldrei hafði neinn sigrað kosningar í Louisiana með slíkum yfirburðum. Það varð til þess að Repúblikanaflokkurinn ákvað að bjóða ekki fram gegn honum þar sem augljóst var hver myndi vinna. 35 ára sigrar Huey Long og verður ríkisstjóri Louisiana (Brinkley, 1982, 21).

Sem ríkisstjóri fór hann allar þær leiðir sem hægt var að fara til að fá sínu framgengt. Eftir að Huey Long tók við sem ríkisstjóri rak hann mikinn fjölda starfsmanna fylkis og réð í þeirra stað menn sér vinveitta. Þannig jókst vald hans umtalsvert. Auk þess hóf hann að framfylgja kosningaloforðin sem áttu að bæta hag hinna minni máttar. T.d. tryggði hann stuðning til að fjármagna skólabækur fyrir opinbera- og einkarekna skóla, vann hratt að því

að byggja upp þjóðvegi, kom náttúrulegu gasi til íbúa Louisiana og hækkaði skatta á þá ríku svo eitthvað sé nefnt (Brinkley, 1982, 24).

Vald hans til að búa til og taka frá störf gerði hann mjög hættulegan. Þegar hann var búinn að sölsa undir sig flest opinber störf og setja sitt fólk í þá stöður var mjög auðvelt fyrir hann að ráðast gegn íhaldsarmi Louisiana. Allri andspyrnu var mætt af krafti og andstæðingar misstu oft vinnu sína. Hvorki vinir né fjölskylda var undanskilið því, og ef maður átti vini í íhaldsarminu sem höfðu lastað Huey Long missti maður vinnuna. Huey Long vissi að fjölmiðlar í Louisiana væru ekki hrifnir af honum og kallaði hann fjölmiðlana oft lygablöðin (e. Lying newspapers.). Hann kom á fót sínu eigin fjarskiptakerfi þar sem mikið var notast við útvarp. Hann lét síðar byggja sérstakan hljóðkerfisbíl, sem hann notaði til að ferðast um fylkið og ná til almennings (Brinkley, 1982, 26).

Sumarið 1932 komu fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu til að taka út fjárhagslega stöðu Louisiana. Þeirra niðurstaða var sú að almenningur þar á bæ væri á fjórum fótum sökum fjárskorts, á meðan Huey Long og hans stjórn væru að taka allan þann pening sem hægt væri að taka frá þeim. Huey Long hafði komið fyrir kerfi sem tæki ákveðin hluta launa þeirra sem störfuðu hjá honum, og voru vistaðir í læstu boxi hjá honum (Brinkley, 1982, 27). Huey Long mætti óboðinn í allar þær nefndir sem til voru þegar undirbúningur var hafinn að málum sem Huey Long þótti merkileg. Eftir stutta útskýringu á því af hverju það þyrfti að koma þessum tillögum í gegn sendi hann þær hiklaust til öldungardeildar fylkisþingsins, þótt að meginþorri nefndarinnar væri ósámmála. Pólitískir andstæðingar Huey Long töluðu um að Louisiana væri núna orðin fyrsta tilraun Bandaríkjamanna til einræðis. Huey Long var því alla tíð ósámmála, og lýsti Louisiana sem hinu fullkomna lýðræði þar sem ríkisstjórnin svaraði beint og fullkomnlega til lýðsins (Brinkley, 1982, 28).

Þegar hann undirbjó framboð sitt til öldungardeildar lét hann blaðið sitt, Louisiana Progress, skrifa töluvert meira en hafði viðgengist og fór að fjalla meira um misskiptingu auðsins. Helstu vandamál Louisiana og Bandaríkjanna í heild væru hvernig örfáir einstaklingar hefðu alla peningana. Hvernig Wall Street stjórnaði öllum peningum og hvernig fyrirtæki hefðu farið í vaskinn vegna nokkurra spilltra, íhaldssamra manna (Brinkley, 1982, 41).

Þegar búíð var að sverja hann inn mætti hann misvel til vinnu sem öldungarþingmaður, og var opinbera útskýringin að hann hefði öðrum hnöppum að hneppa í heimafylki sínu, Louisiana. Hann var þó ekki ríkisstjóri þar lengur. Þó að margir aðrir öldungarþingmenn mættu einnig illa að þá var það sérstakt sökum þess hversu nýr Huey Long var, og hversu átakagjarn hann var þegar hann loksins mætti. Huey Long sóttist eftir

athygli, og fékk til að mynda meiri athygli að utan en allir aðrir öldungarþingmenn til samans. Vitandi það að gott sé að hafa fjölmiðlana með sér í liði, þá fór hann oft með gamanmál sem málaði hann sem léttan og skemmtilegan. Til að mynda bauð hann fjölmiðlum að taka viðtal við sig á hótélherbergi þar sem hann var aðeins í náttslöpp. Þegar það kom síðan að klæðnaði fyrir öldungardeildina mætti hann oft í skærbleikum skyrtum og hvítum jakkafötum með fjólublá bindi, sem þótti þá og jafnvel þykir enn fremur skrautlegur klæðnaður (Brinkley, 1982, 42).

4.4 Forsetakosningar 1932 og stimpingar við FDR.

Í forsetakosningunum árið 1932 steig Huey Long niður úr lest sinni og tilkynnti blaðamönnum að hann hygdist styðja FDR sem forseta í komandi kosningum. Huey Long sagði að einungis FDR hefði stutt og notast við áformin hans þegar það kom að misskiptingu auðsins. FDR hafði hinsvegar í raun aldrei stuðst við slíkt og vissi Huey Long það fullvel. Að kjósa FDR var ekki sjálfsagt fyrir honum og í raun treysti hann FDR ekki (Brinkley, 1982, 45). Það var hinsvegar þeim báðum til góðs að vera saman í baráttu, þar sem FDR hjálpaði Huey Long að fá kjörmenn í Louisiana fylkinu, og Huey Long fékk stuðningsmenn yfir til FDR í forsetakosningunum (Brinkley, 1982, 46).

Um sumarið fékk Hattie Caraway heiðurssæti í öldungardeild Bandaríkjanna fyrir hönd Arkansas, en hún var ekkja Thaddeus Caraway. Það voru aðeins átta mánuðir í kosningar og hún gat því ekki unnið mikinn skaða. Lítið var búist við af henni, og lék hún það hlutverk vel og sagði nánast ekkert á þinginu. Það kom hins vegar öllum í opna skjöldu þegar hún hugðist bjóða sig fram fyrir næsta kjörtímabil. Allir voru sammála um það að hún myndi ekki fá nema nokkur þúsund atkvæða, og það frá nokkrum vinum og þeim sem vorkenndu henni. Þegar útlitið var orðið svart ákvað Huey Long að fara í herferð fyrir hennar hönd, en það myndi gefa honum tækifæri að niðurlægja Joseph T. Robinson, sem var einn af eldri öldungarþingsmönnum og íhaldsseggur (Brinkley, 1982, 48). Huey Long vissi að hann myndi ekki sigra ef hann færi í gegnum flokkinn eða í gegnum þingið. Hann gæti hinsvegar unnið þessa kosningabaráttu með að fara beint til almennings. Og úr varð herferð þar sem hann keyrði um á sérstökum hljóðkerfa bílum og hélt fimm til sex ræður á dag um hvað það þýddi mikið fyrir bandarísku þjóðinni að kjósa Hattie Caraway. Á meðan starfsólk og Hattie Caraway sjálf urðu örmagna af þreytu og veikindum virtist Huey Long styrkjast því lengra sem honum tókst að gera allt vitlaust á meðal íbúa í Arkansas (Brinkley, 1982, 49).

Árásir hans voru miðaðar að bankamönnum Wall Street og þeirra spilltu kollegum í Washington. Huey Long talaði um hvað valdamennirnir væru að reyna taka þessa hugrökku konu frá bandarísku öldungardeildinni. Wall Street reyndi að losa sig við hugrakkt fólk sem þorði að vera á öndverðu meiði, og ef almenningur myndi ekki kjósa þessa hugrökku konu, þá myndu íbúarnir aldrei fá annan öldungarþingmann sem hafði aðeins þeirra hagsmuni í hjarta. Í öllum sínum herferðum talaði hann aldrei um Demókrataflokkinn eða um Franklin Roosevelt. Einungis um að þau Hattie Caraway myndu koma með vonina aftur til fólksins (Brinkley, 1982, 50). 9. Ágúst var það komið á hreint að Hattie Caraway vann með 47% atkvæða og varð í kjölfarið fyrsta konan sem var kjörin til að gegna þingmennsku í Öldungardeildinni (Brinkley, 1982, 52).

Samband Huey Long og FDR fór versnandi fljótt og örugglega. Eftir að hafa snætt kvöldverð með fjölskyldu FDR og síðar hitt hann í endurhæfingarsmiðstöð sinni var hann sannfærður um að hann hefði hvorki heilsu né rökhusunina til að stýra Bandaríkjunum rétt. Þegar það kom að því að velja fólk í ráðuneyti varð hann virkilega reiður í garð FDR. Að FDR skyldi ekki hlusta á ráðgjöf hans þótti honum ótrúlegt og ólíðandi. Þegar Huey Long fékk ekki sinn mann, Henry B. Steagall, sem yfirmann fjármálaráðuneytisins varð honum ljóst að FDR væri andstæðingur hans, og það þyrfti að ögra og hóta honum til að hafa hemil á honum (Brinkley, 1982, 58).

Þegar FDR var nýtekinn við embættinu var fjárhagsástandið orðið svo slæmt að íhaldsmenn og hinir mestu róttæklingar tilbúnir að hlusta á hvað það sem FDR hafði að segja. Allir nema Huey Long, sem vildi fá að sýna hvernig hann ætlaði að laga kreppuástand Bandaríkjanna. Bankalögin svokölluðu sem FDR útbjó voru mikil skelfing fyrir Huey Long. Þessu nýju lög áttu að bjarga stóru bönkunum á kostnað þeirra litlu. Huey Long sagði að Bankamenn og íhaldsarmur ríkistjórnarinnar væri á bakvið þetta og þetta kæmi sér hryllilega fyrir litla manninn. Einnig væri nýja fjárhagsáætlunin skelfileg, þar sem bankamenn eins og J.P.Morgan og Rockefeller gætu alveg eins verið á bakvið hana rétt eins og FDR (Brinkley, 1982, 59). Samband Huey Long og FDR ríkistjórnarinnar versnaði töluvert á fyrstu 100 dögum New Deal. Fyrst voru það ný landbúnaðarlög sem áttu að bæta hag hins venjulega bónda. Huey Long vildi hinsvegar binda silfur við gjaldmiðlinn, þar sem það þyrfti að þenja út dollarann. Síðar meir voru það nýju iðnaðarlögin sem léku lykihlutverk í New Deal-áætlun FDR. Í hans huga væri iðnaðurinn skrifaður upp á nýtt til að henta iðnaðar-risum, en ekki hinum venjulega manni sem væri að vinna í iðnaðinum. Til hliðsjónar eyddi Huey Long töluverðum tíma í að úthúða ríkistjórnina. Þeir væru þjófur, málaðir af peningarisum Wall Street, sambönd þeirra væru vegna spillingu og svo framvegis (Brinkley, 1982, 60).

Um sumarið átti að gera hlé á þinginu. Margir hverjir virtust ánægðir að komast í frí og skynjaði Huey Long mikla von og ánægju á meðal Demókrataflokksins. Huey Long nýtti sér ástandið og lýsti því yfir að hann ætlaði ekki að fagna þessu hléi og þessu fríi. Það væri á kostnað þeirra sem væru í klípu, þeirra sem væru blindir, hjálparlausir, særðir og hungraðir að þingmennirnir færu í frí (Brinkley, 1982, 61). Til að koma til móts við auknar vinsældir FDR fór Huey Long að koma fyrir í útvarpi og tala um áhersluatriði sín og ríkisstjórnarinnar. Það sem kom á óvart var að í þessum útvarpsyfirlýsingum sínum talaði hann hvorki illa um FDR né ríkisstjórnina. Hann talaði hinsvegar fyrir þeim vandamálum sem stæðu fyrir, og að FDR gæti ekki einn leyst þau, hann myndi þurfi hjálp. Fyrir stuðningsmenn sína vildi Huey Long mála sig sem riddara almúgans, sem myndi leggja allt á sig til að hjálpa lýðnum. Huey Long hóf að tala um hvað loforð þeirra FDR væri að skipta upp auðnum væri lykilatriði, og fyrir almenning hljómaði það sem svo, að það væri fyrsti hlutur á dagskrá hjá FDR. Með þessu var Huey Long hægt og rólega að snúa upp á hönd forsetans (Brinkley, 1982, 63).

Loks fylltist mælirinn hjá FDR og hans stjórn. Víkja átti Huey Long úr öllum ráðgjafastöðum og sérstaklega þegar það kom að pólitískum stöðuveitingum í Louisiana (Brinkley, 1982, 64). Árið 1933 var Huey Long að skemmta sér, og kom hann eitt kvöld alblóðugur fram frá salerni staðsins. Óvíst er hvað gerðist, en sögur gengu um að hann hafði hleypt af sér á næsta mann því hann nemti ekki að bíða í röð. Fjölmíðlar hinsvegar fréttu af útliti Huey Long og fóru að dreifa sögum um hvað skyldi hafa gerst. Huey Long barði niður fréttirnar eins mikið og hann gerði, ásamt því að láta fjarlægja fréttamenn einstaka sinnum. Honum varð þó fljótt ljóst að hann gæti snúið blaðinu við. Árasamennirnir, sem voru að lágmarki fjórir, höfðu veist að honum með olnbogum, kylfum og hníf. Þessir menn, sem hann yfirbugaði einn, væru ræningjar og þjófur frá J.P.Morgan og Wall Street. Þetta hafi verið skipulögð árás þeirra til að fjarlægja stærstu ógnina við fámennisstjórn Bandaríkjanna (Brinkley, 1982, 66).

Árið 1934 hóf hann lagalegar aðgerðir sem umbreyttu lagaumhverfi Louisiana. Fylkið varð miðstýrt og færðist nánast allt vald í hendur Huey Long. Sumir hafa sagt að þetta hafi verið breyting frá lýðræði yfir í einræðisveldi. Það var hinsvegar ekki rétt í huga Huey Long, þar sem þessar aðgerðir gerðu það að verkum að hann bar ekki ábyrgð til annara yfirvalda, heldur einungis til almennings. Þrískipting valdsins liðaðist í sundur, og Huey Long öðlaðist öll völd hægt og rólega (Brinkley, 1982, 69).

Eftir að hafa misst tengsl sín við Hvíta Húsið hóf hann að vinna í sínum málum í Louisiana og breytti útliti sínu. Í stað þess að koma fram sem gárungi ætlaði hann að virðast vera yfirvegaður og virðulegur frambjóðandi. Hann gaf út bók sem ætluð var þeim sem voru

varla lesandi og töldust til fátæka hluta Louisiana. Þegar hann sá að bókin seldist ekki vel, gaf hann það sem eftir var til þeirra sem vildu. Einnig byrjaði hann aftur með fréttablaðið sitt, The Louisiana Progress. Nema í þetta sinn myndi blaðið heita American Progress, og var markmiðið að ná til aðdáenda utan Louisiana. Í stað þess að tala upp Huey Long fór stærsti hluti blaðsins að tala um fjárhagstillögu Huey Long, um hvernig skipta ætti upp auðinum (Brinkley, 1982, 70). Huey Long seldi blaðið til þeirra sem vildu, en hann gaf það mestmegnis frítt til þeirra sem hann taldi sig geta haft áhrif á. Lesendur blaðsins voru á milli 300 þúsund og 1.5 milljón manns. Um vorið 1934 hafði Huey Long stofnað sjálfstætt fjarskiptafyrirtæki, svo hann þyrfti aldrei framfar að treysta á svikula fjölmiðla.

4.5 Auðæfum deilt

Með þessum nýjum verkfærum, yferráðum og eigin fjölmiðlum hóf Huey Long að betrubæta fjárhagstillögu sína. Úr því varð stærsta verkefni hans hingað til sem einkenndi átti eftir ferilinn hans, áætlunin hét *Deilum auðæfum okkar* (e.share Our Wealth Plan). Grunnstefnan á bakvið áætlunina var einföld. Auðæfi Bandaríkjanna væri töluverð en takmörkuð af gróðarstefnu elítunar. Allir Bandaríkjamenn ættu rétt á sínum skammt af auðæfum. Hinir ríku hefðu of lengi átt meginþorra þessara auðæfa og þar af leiðandi væri ekki nóg til handa öllum (Brinkley, 1982, 71).

Share Our Wealth áætlunin var byggð á mjög misvísandi heimildum. Aldagamlar rannsóknir og lítil fréttablöð voru heimildir hans, og talaði hann um að 2% þjóðarinnar ætti 60% af öllum auðæfum, og að 85% af auðæfunum tilheyrðu einungis 5% íbúa Ameríku. Áætlunin virkaði þannig að ef maður þénaði meira en milljón dali á ári féll aukinn skattbyrði á mann og jókst með hverri milljón. Og það náði hámarki ef einstaklingur þénaði 8 milljónir dollara, en þá færi 100% skattur á peningana. Afkomendur þeirra sem þénuðu milljónir myndu missa mest allan arf til ríkisins. Með þessum sköttum væri hægt að koma seinni hluta áætluninnar í verk. Hver fjölskylda skyldi fá fjárhagslegan stuðning fyrir heimilishald. Upphæðin væri 5000 dollarar, nóg fyrir bíl, heimili, útvarpi og öðrum þörfum. Einnig ættu fjölskyldur að þéna 2000-2500 dollara á ári (Brinkley, 1982, 72).

Fyrir almenning virkaði þetta sem draumalausn, en verkefnið var illa rökstutt. Huey Long gat ekki almennilega útskýrt hvernig auðurinn myndi dreifast jafnt á alla, þar sem ekki allur auður væri í peningaformi. Stór hluti auðæfa á þessum tíma var í formi fjárfestinga og eign á landi. Annað stórt vandamál við áætlunina var að ekki var til nægilegt fjármagn til að

framfylgja henni. Það voru ekki nógu margir milljónamæringar í Bandaríkjunum. Þegar hann var spurður af fréttamönnum sagði hann ávallt að hann þyrfti gáfaða og einbeitta menn með sér í verkefnið. Og fyrir almenning var svarið alltaf það sama, að það verði auðvelt að skipta upp auðnum og rétta úr kútnum. Í augum margra í stjórnmálum var hann lítið annað en lýðskrumari. Huey Long væri einungis að reyna nýta sér vanþekkingu almennings og fordóma. H.L.Mencken sagði t.d. að Huey Long væri ósvifinn, þrjótur og lýðskrumari (Brinkley, 1982, 73).

Í febrúar árið 1934 gekk hann skrefinu lengra og fékk aðstoð Share Our Wealth-hreyfingarinnar við útfærslu verkefnisins. Þessi hreyfing átti að byggjast á mörgum félögum sem átti að ná yfir Bandaríkin. Þó að hann gæti ekki náð jafn sterku taki utan um alla þjóðina líkt og í Louisiana þá gæti hann útbúið landsfræðilegt tengslanet sem myndi allt styðja hann þegar á reyndi. Og þegar þetta tengslanet færi stækkandi, þá færi vald hans vaxandi sömuleiðis. Það fór ekki framhjá mörgum að þessi hreyfing dansaði á þunnri línu milli hagsmunasamtaka og stjórnmálaflokks. Róttækir einstaklingar innan Demókrataflokksins voru byrjaðir að líta hýru auga til Huey Long. Og í raun var áætlun Huey Long að láta þetta nýja fyrirbæri taka yfir Demókrataflokkinn og grunaði mörgum það, þar á meðal FDR (Brinkley, 1982, 79).

Árið 1935 var FDR og hans ríkisstjórn ákveðin í að þagga niður í Huey Long, og það gerðu þeir með seinni bylgju New Deal sem var ný byrjun fyrir bandarískan efnahag. FDR og hans ríkisstjórn kom með nýjar tillögur sem margir töldu vinstri sinnaðar, og hafa verið kallaðar seinni bylgja New deal. FDR vissi að hann þyrfti að aðlaga New Deal til að sigrast á andstöðunni, og samþykkti FDR tillögu fjármálaráðuneytisins um töluverðar skattahækkningar á tekjur og arf. FDR kynnti þessa tillögu fyrir þinginu til að sigrast á misskiptingu auðsins. Huey Long var mikill stuðningmaður fyrst en þegar honum grunaði af hverju FDR hafði gert þetta þá fór hann að krefjast töluvert róttækari breytinga Huey Long og vinsældir hans héldu áfram að vaxa þrátt fyrir útspil FDR. En ómögulegt er að vita hvort þetta útspil hefði hindrað Huey Long frá forsetaembættinu, því þremur mánuðum seinna var hann myrtur (Brinkley, 1982, 80).

4.6 Samantekt

Áhugavert er að skoða hvernig þessir tveir pólar fara rísandi samtímis og hvernig samband þeirra Huey Long og FDR gjörbreyttist á mjög stuttum tíma. Þótt að FDR hafi litið á sig sem frumkvöðul þegar það kom að notkun útvarps í herferðum, þá var það Huey Long sem fullnýtti þessa nýju tækni. Á meðan FDR reyndi að hrista lýðinn til að kjósa sig og Demókrataflokkinn reitti Huey Long almenning til reiði með því að tala niður valdhafa í von um að koma sjálfum sér til valda. Báðir voru sakaðir um að vera lýðskrumarar, en þó er auðveldara að færa rök fyrir því að Huey Long hafi verið nútíma lýðskrumari, á meðan FDR hafi eingöngu fengið lýðhyggjuna lánaða þegar þörf var á. FDR fór í þessar herferðir vegna Demókrataflokksins og Bandaríkjanna, á meðan herferðir Huey Long snerust um að umbylta stjórnhöfum og koma sjálfum sér í forræðisstöðu með beinum stuðningi almennings, en ekki frá flokknum sínum.

Huey Long var ásakaður um að vera einræðisherra og það myndu sjálfsagt margir kenna hann við sósíalisma (sósílistar eru oft þeir sem vilja færa auðæfi frá þeim ríku yfir til þeirra fátæku). Ef maður les á milli línanna er bersýnilegt að Huey Long tilheyrir hvorugum flokki, heldur er hann einungis að notfæra sér almenning eins mikið og hann kemst upp með með digurbarkalegum yfirlýsingum og athyglisverðum gjörðum. Vissulega deilir hann ákveðnum einkennum með þeim sem eru teljast sósíalistar, en það er eitt einkenni lýðhyggjunnar, að hún er þunn og fær lánað frá öðrum stefnum eins og þörf er á. Huey Long var tilbúinn að vinna með þeim róttæku stuðningsmönnum sínum í Demókrataflokknum ef aðeins til að ýta undir sína sýn. Sömuleiðis vildi Huey Long að almenningur fengi stærri sneið af kökunni. Aftur á móti hrifsaði Huey Long til sín öll völd í Louisiana og setti þann skattþening sem varð afgangur í sérstakan afnotabauk fyrir sig. Þegar það kom að öldungardeildarþinginu kom hann fyrir svo hlýðnum eftirmanni að hann gæti haft jafnmikil völd ef ekki meiri þegar hann yrði öldungardeildsþingmaður.

FDR aftur á móti var mjög praktískur í forsetatíð sinni og gaf lítið til lýðhyggju samhengisins þegar hann var kominn til valds. Ákvarðanir hans mættu gagnrýni frá almenningi sem og stjórnvöldum, þó að þær gætu talist mjög vel heppnaðar í dag. Orðræða FDR reyndist oft máluð af lýðhyggju. Að verja réttindi venjulega mannsins gegn hroka, ójöfnuði og spillingu frá elítunni, að nota útvarpið og talaði beint til fólksins var mjög góð ákvörðun og skilaði honum mörgum atkvæðum. Hann talaði einfalt mál og einfaldaði oft stefnu sína til að ná til sem flestra. Einnig kryddaði hann oft sögur sínar og staðreyndir, til að kynda enn frekar undir áhuga hlustendum. FDR talaði um efnahagskerfið sem sjúkling.

Ríkistjórnin ætti fyrst og fremst að huga að hag hins gleymda almenningi, en ekki þeirra sem hafa haldið almenningi niðri með áherslu á peninga og völd. Þessar orðræður líkjast mikið til þeirra orðræða sem lýðhyggjusinni myndi nota. *Kriesi* og *Cas Mudde* tala um lýðhyggju sem baráttu almennings gegn yfirvaldi. FDR notfærði sér það það að efnahagsástandið var mjög slæmt og gjá hafði myndast milli yfirvalda og almennra íbúa. Einnig vildi FDR ekki láta sjá sig í hjólastól þar sem leiðtoginn þyrfti alltaf að vera sterkur. Svo ýkt var þetta hjá FDR, að hann klifraði stífan stiga, í stað þess að fara með hjólastól niður ramp fram hjá kjósendum.

5.Kynning á Donald Trump

Donald John Trump fæddist árið 1946 og er 45. forseti Bandaríkjanna. Áður en hann tók embætti 20. janúar árið 2017 starfaði hann við sjónvarpsþáttinn sinn *The Apprentice*, ásamt því að eiga ýmis fyrirtæki og fyrirtækjakeðjur, eins og t.d. Trump Hotel. Hann stofnaði Trump-háskólann, átti hlut í Ungfrú Heimur og átti einnig sitt eigið íþróttalið. Í þessum kafla verður farið yfir hvernig Donald Trump beitti sér í forsetakosningum árið 2016. Einnig verður farið yfir hvernig hann nýtti sér nýjung í samfélagsmiðlum og fjölmiðlum til að koma sér betur á framfæri. Tvö viðtöl verða tekin fyrir og þau borin saman við skilgreiningar *Cas Mudde* og *Kriese* til stuðnings ásamt því að skoða stuttan hluta af kappræðu Donald Trump.

5.1 Donald Trump og forsetakosningar 2016

Forsetakosningarnar í Bandaríkjunum árið 2016 voru sérstakar á marga vegu, þar á meðal hversu margir frambjóðendunur voru stimplaðir sem lýðhyggjusinnar. Fyrir utan stóru nöfnin tvö, Repúblikanan Donald Trump og Demókratán Bernie Sanders, þá voru Ted Cruz og Ben Carson einnig sakaðir um lýðskrum á einhverjum tímapunkti (Oliver & Rahn, 2016, 189-190). Margir forsetar í sögu Bandaríkjanna hafa gert umdeilanlega hluti sem hafa leitt til efasemda og mótmæla. Enginn forseti hinsvegar hefur ollið jafn mörgum fjöldamótmælum og Donald Trump, bæði heima fyrir og í alþjóðarkerfinu. Margir af þessum mótmælendum berjast gegn Donald Trump einfaldlega vegna þess að þeir kusu hann ekki, enda tapaði Donald Trump almennri kosningu með um það bil 3 milljónum atkvæða. Donald Trump gekk svo langt að tala um kosningasvindl, að ólöglegu inflytjendurnir væru allir að kjósa gegn honum og fleira á þann hátt sem túlkað gæti verið sem ranghugmyndir. (Seaton, 2017, 10).

Donald Trump þótti ekki sýna áhuga á kosningakerfinu og þeirri talnafræði sem því fylgdi. Það sem vekur áhuga Donald Trump hinsvegar er að sýna sig fyrir almenning sem besta möguleikan. Hann vill ávarpa almenning beint. Ekki sem lýðræðislega kosinn einstaklingur, heldur sem málsvari þeirra sem sýni að hann sé einn af þeim. Honum líður best á fjöldafundum þar sem hann getur verið á meðal stuðningsmanna sinna (Seaton, 2017, 10). Jafnframt hefur sjaldan verið jafnt skýrt dæmi um lýðhyggju og hjá Donald Trump. Hann hefur aldrei verið tengdur við neina sérstaka fylkingu eða hagsmunasamtök. Helst hefur hann tekið þátt í herferðum annarra með litlum stuðning eða fjármögnun (Pierson, 2017, 6). Þegar hann var orðinn forseti virtist lýðhyggjan hverfa. Ráðuneyti hans voru ýmist fyllt af velturíkum einstaklingum og afturhaldsseggjum. Þegar það kom að stóru fjármálamálflokkunum eins og

skattamálum, studdi hann mestmegnis við stefnur sem eru til stuðnings stórfyrirtækja og ríkra fjölskyldna (Pierson, 2017, 6-7).

Þrátt fyrir þá óreiðu og ósamræmi sem virtist einkenna pólitísku herferðir hans þá var það augljóst að hann beitti sér töluvert öðruvísi en hinn hefðbundni forseti. Hann kom inn í slaginn með enga fyrri reynslu af hinu opinbera eða herþáttöku, eitthvað sem margir frambjóðendur telja sig þurfa að hafa. Ennfremur einkenndust kosningaloforðin hans af misræmi og aðgerðum sem eru vart framkvæmanlegar. Þrátt fyrir að vera í framboði fyrir Repúblikanaflokkinn fór hann út fyrir hefðbundnu braut flokksins, og sagðist til að mynda ætla að standa vörð um grunnþætti félagsþjónustunnar. Með því var Donald Trump auðvitað að höfða til þeirra kjósenda sem hafa ekki mikið á milli handana og fátækra kjördæma. Donald Trump herti og lýðhyggjuvæddi stöðu Repúblikanaflokksins í garð innflytjenda. Þorrinn af því besta er síðan hvernig hann beitir sér fyrir hægri-vængs lýðhyggju. Bandarískir skattgreiðendur verða að standa saman gegn þeim sem ógna gildum Bandaríkjanna (Pierson, 2017, 7).

5.2 Donald Trump: Fjölmiðlar, vefsíður og samfélagsmiðlar.

Síðustu ár hafa fjölmiðlar og samfélagsmiðlar farið hönd í hönd með Bandarískri kosningu og er það sökum þess að fjölmiðlar og samfélagsmiðlar geta verið litaðir af flokkshollustu. Þessi flokkshollustu kemur t.d. fram bæði í sjónvarpi og í útvarpi, og núna nýlega yfir á samfélagsmiðla. Aðrir þættir sem geta haft áhrif eru hagsmunasamtök. Einnig væri hægt að tala um hversu mikilvægt það er fyrir þessa fjölmiðla að græða, og það gera þeir oft með því að fjalla um hneykslismál og litríka aðila sem eru mikið í sviðsljósinu (Berry & Sobieraj, 2013, 23).

Í forsetakosningunum 2016 ríkti mikil óvissa meðal Repúblikana, þar sem atkvæði flokksins voru skipt niður á svo marga frambjóðendur, að enginn var sigurstranglegur um tíma. Þessi gjá innan Repúblikanaflokksins og aukin þörf fjölmiðla fyrir djörfum fréttum gaf Donald Trump kjörið tækifæri til að koma sér í sviðsljósið. Donald Trump var gjarn á að úthúða elftunni og tala um gildi Bandaríkjanna. Það skilaði honum töluvert fleiri atkvæðum en margir gerðu ráð fyrir. Einnig hefur það hjálpað honum að stefnurnar sem hann boðaði voru ekki með mikil sérkenni, þar sem hann vann meira með hentistefnu að hverju sinni (Pierson, 2017, 9). Þeir fjölmiðlar sem ekki hafa verið honum til stuðnings hafa verið ásakaðir um lygar og óheiðarleika, ásamt því að vera viljandi með villandi heimildir

(e.Alternate facts). Donald Trump hefur jafnvel gengið svo langt að ásaka fjölmiðla um að vera óvinir þjóðarinnar (Seaton, 2017, 17).

Ef við skoðum viðtöl við hann er auðvelt að koma auga á lýðhyggjutaktana. Í viðtali við *The Wall Street Journal* árið 2016, sagði Donald Trump, að besta móteitrið við áratugum af skaðræðisstjórn fárra spilltra valdmanna væri vilji almennings. Í öllum stórmálum sem snerta þjóðina hefur almenningur ekki bara rétt fyrir sér, heldur hefur ráðandi stétt rangt fyrir sér. Þessir valdhafar hafa rangt fyrir sér í skattamálum, stærð hins opinbera, á innflytjendum og á utanríkisstefnu (*The Wall Street Journal*. 16 apríl, 2016.). Í morgunþætti *Good Morning America*, sagðist hann ekki semja vel við ríkt fólk, Honum semur ekki aðeins betur við miðstéttina heldur einnig lágstéttina (*Good Morning America*. 2016.).

Í kappræðunum í Miami 15.mars 2016, talaði Donald Trump um að við fólkið værum að taka kjósendur frá Demókrataflokknum, við værum að taka kjósendur frá óháðum og hvað við myndum vinna Hillary Clinton. Skrifræðissinnar hafa tekið yfir í Washington og eina sem þeim er annt um er launatjékkinn, en ekki að hugsa um börnin okkar, þannig tengir Donald Trump sig alltaf við kjósendur og almenna borgara. Í sömu kappræðu talaði hann um hvað við værum búin að missa störfin. Við værum búin að missa allt saman. Vinnan væri farin, fyrirtæki fjarlægð úr landinu og saman ætlum við að losa okkur við sóun, svik, kúgun og koma aftur með störfin heim (*Repúblikana kappræður*, 2016). Þessi tvö viðtal sýna vel frá skilgreiningum *Kriesi* og *Cas Mudde*. Þeir töluðu um einskonar tvíhyggju, frambjóðandinn og góða fólkið gegn hinum spilltu, ráðandi valdhöfundum. Hér er ekkert svigrúm fyrir misræmi, því eins og Donald Trump segir, almenningur hefur alltaf rétt fyrir sér, og spillta elítan hefur alltaf rangt fyrir sér.

Annað fyrirbæri sem hefur auðveldað uppgang Donalds Trumps er notkun hans á vefsíðum og samfélagsforritinu Twitter. Vefsíður tileinkaðar Donald Trump hafa gert honum kleift að stjórna alfarið hvað kemur fram ásamt því að þurfa ekki að takast á við erfiðar spurningar frá fjölmiðlum. Og rúsinan í pylsuendanum fyrir Donald Trump er aðgengi hans að samfélagsmiðlum, og þá sérstaklega Twitter. Samfélagsmiðillinn Twitter hefur gefið Donald Trump tækifæri að tala beint til almennings, svara umsvifalaust og eiga samskipti við bandaríska kjósendur. Kosningaloforðin sem Donald Trump gaf í kosningabaráttu sinni fór beint til kjósenda, sem gafst tækifæri á að svara þeim eða deila þeim áfram, sem í staðinn fór til fleiri kjósenda. Þessir auka kjósendur töldu sig hafa beina leið að Donald Trump í staðinn. Með þessu getur Donald Trump talaði beint við fólkið sitt, án þess að verða fyrir rannsóknarspurningum fjölmiðla ásamt því að geta ritskoðað allt sem kemur fram (Jayoen Lee & Weiai Xu, 2018, 202).

5.3 Samantekt

Líkt og Bandarísku forsetakosningarnar árið 2016 gáfu til kynna voru margir stimplaðir sem lýðhyggjusinnar eða í það minnsta beittu einhverskonar lýðhyggjuhætti. Auðvelt er að kalla stjórnámálamenn lýðhyggjusinna einfaldlega vegna þess hversu þunn hugmyndafræðin er og hversu auðvelt er að beita henni. Stjórnálakerfið í Bandaríkjunum árið 2016 var kjörið tækifæri fyrir nýjan vind í stjórnámálum sökum þess hversu auðvelt það var fyrir forsetaframbjóðenda að ná til almennings og vegna vaxandi gjáar á milli almennings og þeirra sem réðu.

Framfarir í tækni hafa gert frambjóðendum kleift að nýta allskyns tól til að mála sig sem besta möguleikan, og það á heldur ódýran og óháðan hátt. Eitt sinn gátu forsetaframbjóðendur aðeins nýtt sér útvarps- eða sjónvarpsviðtöl en nú til dags geta menn eins og Donald Trump látið að sér kveða á samfélagsmiðlum eins og Twitter. Ef við förum eftir rökfærslu *Kriesi* og *Cas Mudde*, að þá uppfyllir þetta grunnhugmyndina af lýðhyggju. Með öðrum orðum, að tvíhyggja ríki á milli almennings og ríkjandi elítu. Sömuleiðis leggur Donald Trump mikla áherslu á því hversu góður og mikilvægur almenningur er gegn þeim ráðandi. Donald Trump talar um að skaðræðisstjórn sem samanstóð af spilltum auðmönnum hafi glatað störfum og tækifærum, og í sameiningu geti Trump og almenningur sigrast á þessari spillingu.

Donald Trump kom óháður stjórnámálum inn í forsetaframboðið að því leyti að hann starfaði aldrei fyrir hið opinbera og hafði aldrei sinnt herskyldu. Hann tók reglulega upp hentistefnu eftir því hvar hann var og fór stundum þvert á vilja flokksins. Sem forseti hefur hann hins vegar siglt að einhverju leyti frá lýðhyggju. Í praktísku formi hefur hann tekið ákvarðanir sem halla meira til íhaldsarms Repúblikanaflokksins, og hefur til að mynda fyllt ráðuneytin sín með íhaldsseggjum sem eru margir hverjir milljarðamæringar.

6.Lokaorð

Markmið höfundar í þessari ritgerð var að greina hvort lýðhyggja hafi verið viðlogandi bandarískri stjórn málasögu, og því til stuðnings voru tekin fyrir fjögur dæmi. Þótt að lýðhyggja sé ekki ný af nálinni, hvorki í Bandaríkjunnum né annarstaðar, að þá er fróðlegt að sjá hversu langt lýðhyggja nær. Í ritgerðinni var dregið fram lýðhyggjueinkenni hvers stjórn málamanns. Jafnframt var sýnt hvernig nútíma lýðhyggjusinnar og lýðskrumar, í þessu tilfalli Donald Trump, sækja oft í smiðju eldri stjórn málamanna eins og hjá Huey Long. Stjórn málamennirnir Huey Long, Donald Trump, Theodore Roosevelt og Franklin Roosevelt nýttu sér allir lýðhyggju en þeir eru þó ekki allir lýðhyggjusinnar eða lýðskrumarar.

Í kafla tvö var farið yfir fræðilegu hugsunina á bakvið lýðhyggju. Lýðhyggja byggir á tvíhyggju sem stillti upp þjóðinni eða fólkinu upp gegn valdhöfum, sem sýndir eru í ljósi spillingar. Einnig að fræðimenn telji lýðhyggju vera „þunna“ hugmyndafræði. Lýðhyggja fær lánað úr öðrum hugmyndafræðum og virkar sem hentistefna fyrir þá sem vilja nýta sér hana.

Í kafla þrjú var Theodore Roosevelt tekinn fyrir og myndi hann ekki teljast sem lýðhyggjusinni. Framfarastefnur hans voru mjög vinsælar og hugsanlega væri hægt að horfa á stefnu hans sem sósálíska. Þó hann hafi alltaf haft góða tengingu við almenning og virtist tala í þeirra þágu, að þá er ekki hægt að segja að hann hafi verið lýðskrumari. Ræðan hans fræga eftir að hafa orðið fyrir skoti var sterkasta dæmið um lýðhyggjunotkun hans. Í ræðu sinni talaði hann um hvað repúblikanaflokkurinn og demókrataflokkurinn væru rótgrónnir og spilltir. Einnig talaði hann um hvað hann væri því fremurmálsvari almennings. Theodore Roosevelt hafði þó oft verið með rötækar stefnur sem og aðgerðir, og ekki er hægt að færa rök fyrir því að hann hafi verið lýðhyggjusinni.

Fjórði kafla fjallaði um Franklin Roosevelt og Huey Long. FDR fetaði í mörg sömu spor og frændi sinn, Theodore Roosevelt, en FDR fór fyrir hönd demókrataflokksins og Theodore Roosevelt fyrir repúblikanaflokkinn. FDR sýndi oft lýðhyggjueinkenni í mælskulist sinni, og gerði sér grein fyrir mikilvægi útvarpsins. FDR talaði um fjárhagskerfið sem sjúkling, og ryðja þyrfti stjórnvaldi valdhöfum í burt fyrir almenning. Huey Long kom ítrekað fram sem lýðhyggjusinni, og voru kosningaherferðir hans litaðar af lýðskrumi.

Huey Long talaði um misskiptingu auðsins, hvernig valdaklíkur þyrftu að hörfa og hvernig almenningur þyrfti einn að ráða. Huey Long nýtti sér tækniframfarir síns tíma og kom mikið fram í útvarpi og í fjölmiðlum. Hann talaði í alla tíð fyrir hönd þeirra fátæku og þeirra sem minna máttu. En þegar öllu er á botninn hvolft nýtti hann sér oft skatttekjur

Louisiana í sínar eigin herferðir og ævintýri, í stað þess að standa við hugmyndafræði sína og hjálpa þeim fátæku.

Fimmti kafli tók fyrir nútíma lýðskrumaran og lýðhyggjusinnan Donald Trump. Hann tileinkaði sér hentistefnur eftir því hvar hann var staddur og hvaða markaðshóp hann þurfti að ná til. Donald Trump hafði það eftir sér að hann vildi ekki sjást með þeim ríku, en honum sæmi betur við millistéttina og sérstaklega lágstéttina. Ræður Donald Trump gerðu grein fyrir spilltri auðmannastjórn, og saman gætu almenningur og Donald Trump sigrað elítuna. Þegar það kom að því að velja fólk í ríkisstjórnina sína valdi hann ríka einstaklinga og stórfyrirtækjæigendur.

Ritgerðin heilt yfir á að sýna hvernig lýðhyggja er ekki tengd bara við eina öld eða við einn stjórnámálamann. Lýðhyggja hefur haldið áfram að þróast með nýrri tækni og nýjum frambjóðendum þó er hugmyndafræðin á bakvið hana alltaf eins þó að tímarnir breytist, stjórnámálamenn nýta sér það sem þeir hafa að hverju sinni og í raun gera flest og segja til þess eins að komast í æðsta valdastól sem við þekkjum, forseti Bandaríkana.

Heimildir

- Alan Brinkley. (1982). *Voices of Protest. Huey Long, Father Coughlin, & The Great Depression.*
- Andrew C. Pavord. (1996) *The Gamble for Power: Theodore Roosevelt's Decision to Run for the Presidency in 1912.* *Presidential Studies Quarterly*
- Hanspeter Kriesi (2014) *The Populist Challenge, West European Politics, 37:2, 361-378,* DOI: 10.1080/01402382.2014.887879
- Benjamin Kramer. (2014). *Media Populism: A Conceptual Clarification and Some Theses on its Effects.* Institute of Communication Studies and Media Research.
- Ben Stanley. (2008). *The thin Ideology of populism.* *Journal of Political ideologies.* DOI: <https://doi.org/10.1080/13569310701822289>
- Cas Mudde. (2004). *The Populist Zeitgeist.* *Government & Opposition. Government & Opposition.* 541-563. Sótt 01/12/17. DOI: 10.1111/j.1477-7053.2004.00135.x
- Daniel Tichenor & Daniel Fuerstman. (2008) *Insurgency Campaigns and the Quest for Popular Democracy: Theodore Roosevelt, Eugene McCarthy, and Party Monopolies.* *Polity, Vol. 40, No. 1*
- Glen Jeansonne. (2012). , ‘*The Priest and the President: Father Coughlin, FDR, and 1930’s America.*’ *Midwest Quarterly 53, no.4.* Academic Search Premier.
- G.N. Green. (1964) *Republicans, Bull Moose and Negroes in Florida, 1912.* *The Florida Historical Quarterly*
- Hanspeter Kriesi (2014) *The Populist Challenge, West European Politics, 37:2, 361-378,* DOI: 10.1080/01402382.2014.887879
- Jeffrey M. Berry og Sarah Sobieraj. (2014). *The Outrage Industry.*
- Jayoen Lee & Weiai Xu. (2018). *The more attacks, the more retweets: Trump’s and Clinton’s agenda setting on Twitter.* Department of Journalism & Communications. <https://doi.org/10.1016/j.pubrev.2017.10.002>
- Margeret Canovan. (2009). *Trust the People! Populism and the Two Faces of Democracy.* *Political Studies.* DOI: 10.1111/1467-9248.00184
- Quaranta, M. (2018) *The Meaning of Democracy to Citizens Across European Countries and the Factors Involved.* *Soc Indic Res.* 136: 859. <https://doi.org/10.1007/s11205-016-1427-x>
- Richard H. Collin. (1987). *Theodore Roosevelt, Culture, Diplomacy and Expansion: A New View of American Imperialism.* *Presidential Studies Quarterly.* Vol 17, nr. 1
- Theodore Roosevelt. (1899). *The Rough Riders: An Autobiography.* Endurútgöfin 2004.
-